



# ÁRIÐ 2007

Hagnaður hluthafa  
**3,3 MILLJARÐAR**

**11,5%** arðsemi eigin fjár  
eftir skatta

Hreinar rekstrartekjur  
**9,2 MILLJARÐAR**

Heildareignir í lok árs  
**224,2 MILLJARÐAR**


Heildarútlán í lok árs  
**161,6 MILLJARÐAR**

Hlutfall innlána **53%**  
af heildarútlánnum


Eigið fé í lok árs  
**27,8 MILLJARÐAR**

- Eiginfjárlutfall (CAD) 13,4%. Eiginfjárpáttur A 19,9%
- SPRON breytt í hlutafélag
- Skráning í OMX Nordic Exchange á Íslandi
- Sala á 19,4% hlut í Icebank
- 49% hlutur í e-kortum seldur til Kaupþings
- Opnun fjárfestingaskrifstofu í Berlín


## Hagnaður eftir skatta




## Arðsemi eigin fjár 11,5%




## Hreinar rekstrartekjur




## Vaxtamunur




## Heildareignir




## Innlán og útlán



## Eigið fé



## Eiginfjárlutfall



Á myndum í skýrslunni eru allar upphæðir í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

# UM SPRON

**SPRON** er alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta á höfuðborgarsvæðinu. SPRON er í fremstu röð á íslenskum fjármálamarkaði hvað ánægju viðskiptavina varðar og leggur ríka áherslu á persónulega og góða þjónustu.

**Dótturfélög SPRON** eru Frjálsi Fjárfestingarbankinn, Netbankinn, SPRON factoring og SPRON verðbréf. SPRON rekur útibú á höfuðborgarsvæðinu en auk þess er fjárfestingaskrifstofa í Berlín. Hjá SPRON og dótturfélögum starfa um 290 manns.

## ALHLIÐA VIÐSKIPTA- OG FJÁRFESTINGABANKAÞJÓNUSTA FYRIR EINSTAKLINGA, FYRIRTÆKI OG FAGFJÁRFESTA

Viðskiptabankastarfsemi	Fjárfestingabankastarfsemi
<p>SPRON stefnir að því að byggja áfram á þeim trausta grunni sem viðskiptabankastarfsemin hvílir á og markmiðið er að vera áfram besti viðskiptabankinn á íslenskum fjármálamarkaði hvað þjónustu varðar.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• SPRON Sparisjóður – 7 útibú</li><li>• Frjálsi fjárfestingarbankinn</li><li>• nb.is - Netbankinn</li><li>• SPRON factoring</li></ul>	<p>SPRON stefnir að því að vikka út fjárfestingabankastarfsemi sína og byggja upp sjálfstæðan fjárfestingabanka með áherslu á að veita smærri og meðalstórum aðilum á markaði framúrskarandi þjónustu.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• SPRON verðbréf</li><li>• Fjárfestingar</li><li>• Fjárfestingar</li></ul>

### STEFNA

- SPRON veitir alhliða fjármálaþjónustu og stefnir að því að fjölga afkomueiningum sem efla tekjustreymi fyrirtækisins
- SPRON mun byggja áfram á traustum grunni viðskiptabankastarfseminnar
- SPRON stefnir að því að veita áfram framúrskarandi þjónustu og vera besta fyrirtækið að mati viðskiptavina á íslenskum fjármálamarkaði
- SPRON stefnir að stöðugum innri vexti og mun jafnframt skoða önnur vaxtartækifæri sem falla vel að núverandi starfsemi
- SPRON stefnir að því að vikka út fjárfestingarbankastarfsemi sína og byggja upp sjálfstæðan fjárfestingabanka með áherslu á að þjónusta smærri og meðalstórra aðila á markaði

### MARKMIÐ

- Að hámarka virði SPRON og arð hluthafa
- Að vera besta fjármálafyrirtæki Íslands þegar horft er til arðsemi, ánægju viðskiptavina og ánægju starfsmanna
- Að arðsemi eigin fjár samstæðunnar sé að lágmarki 15%
- Að eiginfjárhlutfall (CAD) sé að lágmarki 10%
- Að arðgreiðslur séu 20-50% af hagnaði hvers árs að teknu tilliti til eiginfjárstöðu

Útgefandi: **SPRON**

Umsjón: **Jóna Ann Pétursdóttir**

Hönnun og umbrot: **Argus**

Ljósmyndir: **www.addi.is, Ólafur Már Svavarsson, Kristján Maack o.fl.**

Prentun: **Gutenberg**

# BRÉF TIL HLUTHAFA

Árið 2007 urðu tímamót í sögu SPRON í fleiri en einum skilningi. Félagið fagnaði 75 ára afmæli sínu, stofnfjáreigendur samþykktu að breyta félaginu í hlutafélag og á haustmánuðum var SPRON skráð í OMX Norrænu kauphöllina á Íslandi.

Breyting SPRON í hlutafélag hefur átt sér langan aðdraganda og hefur byggst á þeirri sannfæringu okkar að breytt rekstrarform félagsins sé lykilatriði í því að tryggja samkeppnishæfni SPRON til lengri tíma. Rekstrarumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur tekið algjörum stakkaskiptum á fáum árum með auknu frelsi í viðskiptum og útrás íslenskra fyrirtækja. Íslenska hagkerfið er ekki lengur eyland í sama skilningi og áður heldur hluti af alþjóðahagkerfinu með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgir. Ákvörðun um breytingu SPRON í hlutafélag er tekin í þessu samhengi og er breyting á rekstrarformi eðlilegur þáttur í þessa ri þróun. Með því aðlögunum við okkur að breyttum aðstæðum og tryggjum okkur sterkari grundvöll til áframhaldandi vaxtar.

Skráning í Kauphöll markaði einnig tímamót í sögu SPRON og var stórt skref bæði fyrir félagið og stofnfjáreigendur, nú hluthafa. Ákvörðun um að skrá félagið í Kauphöllina var tekin með langtímahagsmuni félagsins í huga og þrátt fyrir erfiðar aðstæður á hlutabréfamarkaði frá skráningu er það sannfæring okkar að til lengri tíma litið sé skráning í Kauphöll framfaraspur sem muni opna okkur fleiri dyr og frekari tækifæri til vaxtar en áður.

Árið 2007 var einnig tímamótaár í þeim skilningi að margra ára uppgangi í íslensku efnahagslífi virtist lokið og framundan tími aðlögunar. Skiptir nú miklu að vel takist til við að skapa festu og jafnvægi í íslensku hagkerfi. Mikil umrót á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hafði bein áhrif á íslenskt efnahagslíf og undirstrikaði með afgerandi hætti hvað felst í því að vera hluti af hinu alþjóðlega hagkerfi. Þrátt fyrir að íslensk fyrirtæki standi traustum fótum hafa aðstæður erlendis leitt til lækkana á íslenskum hlutabréfamörkuðum sem eiga sér fá eða engin fordæmi. Við slíkar aðstæður er erfitt fyrir hvaða félag sem er að taka sín fyrstu skref á hlutabréfamarkaði og hefur SPRON að nokkru leyti galdið þess. En þótt við blasi að aðstæður séu nokkuð erfiðari en ráð var fyrir gert í upphafi þá þýðir það einfaldlega að við þurfum að leggja okkur enn harðar fram við að ná árangri fyrir SPRON og hluthafa þess.

Afkoma SPRON hefur verið einstaklega góð undanfarin ár og arðsemi eigin fjár með besta móti. Árið 2007 skilaði SPRON



einnig góðri afkomu þrátt fyrir erfiðar aðstæður eða 3,3 milljörðum króna í hagnað. Grunnrekstur félagsins styrktist verulega á árinu með hækkandi vaxta- og þjónustutekjum. Fjármögnun og lausafjárstaða SPRON er traust og almennt er SPRON vel í stakk búð til þess að fást við krefjandi aðstæður. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að víkka út starfsemina með það fyrir augum að hægt sé að bjóða viðskiptavinum upp á alhliðaðþjónustu í fjármálum. Sú stefna hefur gengið vel og hafa ný afkomusvið vaxið ört á síðustu misserum og treyst þannig undirstöður félagsins enn frekar. Einn helsti styrkleiki SPRON felst í þeim traustu viðskiptasamböndum sem starfsmenn hafa byggt upp í gegnum tíðina. Viðskiptavinir hafa verið í hópi þeirra ánægðustu um árabíl og sú þekking sem þar liggur að baki eru verðmæti sem erfitt er að meta til fjár, en verða áfram lykillinn að veltengni SPRON.

Að lokum viljum við þakka viðskiptavinum fyrir viðskiptin á liðnu ári, stofnfjáreigendum og nú hluthöfum, það traust sem þeir hafa auðsýnt okkur og að síðustu vel unnin störf hjá því frábæra starfsfólki sem starfar hjá SPRON. Með sama hætti og árið 2007 var ár tímamóta þá er 2008 ár tækifæra. Því þó að móti blási nú á fjármálamörkuðum um allan heim þá eru jafnt tækifæri í mótbýr sem meðbýr. Við höfum fulla trú á því að starfsfólk SPRON muni takast að eygja og virkja möguleika til vaxtar í þeim hræringum sem nú eru á fjármálamarkaði.

*Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON  
og Hildur Petersen, stjórnarformaður.*

# HLUTHAFAR OG FJÁRFESTATENGSL

Eitt af meginmarkmiðum SPRON er að hámarka virði fyrirtækisins og þar með hag hluthafa þess.

## SKRÁNING Í OMX NORDIC EXCHANGE Á ÍSLANDI

Hlutabréf SPRON voru skráð í OMX Nordic Exchange á Íslandi þann 23. október 2007 með auðkennið SPRON. Í undanfara skráningar var ekki hlutabréfaútbod og hófust viðskipti án útbodsgengis. Fyrir skráningu uppfyllti SPRON skilyrði til skráningar þar sem dreifing hlutabréfaeignar í SPRON var með fullnægjandi hætti.

## HLUTAFÉ

Skráðir hlutir eru 5.004.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein króna. Hlutabréfum SPRON fylgir atkvæðisréttur og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Enginn hluthafi getur farið með fyrir sjálfs síns hönd eða annarra meira en 5% af heildaratkvæðamagni í félaginu. Sjálfseignarstofnunin SPRON-sjóðurinn ses<sup>1</sup> fer þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjareign sína skv. 76. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.


## ARÐGREIÐSLUSTEFNA

Stefna SPRON er að greiða út arð sem nemur 20-50% af hagnaði hvers árs að teknu tilliti til eiginfjástöðu og annarra aðstæðna sem stjórn metur hverju sinni. Stjórn SPRON leggur til við aðalfund að helmingur hagnaðar eftir skatta, eða 1.643 milljónir króna verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2008 vegna ársins 2007.

<sup>1</sup>SPRON-sjóðurinn ses varð til við breytingu SPRON í hlutafélag þegar stofnfjareigendur samþykktu á fundi stofnfjareigenda þann 21. ágúst síðastliðinn að breyta SPRON í hlutafélag. Samkvæmt lögum 161/2002 skal sparisjóðurinn stofna sjálfseignarstofnun sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem ekki rennur til stofnfjareigenda. Samkvæmt óháðu mati Capacent nam sá hlutur 15% af heildarhlutafé SPRON þann 31. mars 2007.

<sup>2</sup>Arion safnreikningur er verðbréfavarsla og fer ekki með atkvæðisrétt vegna hlutabréfaeignar sem er skráð á félagið.

## Próun hlutabréfaverðs SPRON og Úrvalsvisítölnnar



\*Frá skráningu 23. október 2007

## HLUTHAFAR

Hluthafar SPRON voru 2231 talsins í lok árs 2007. Tveir hluthafar fóru með meira en 10% hlutafjár í lok árs, SPRON-sjóðurinn ses átti 14,59% og Arion safnreikningur<sup>2</sup> með 11,72%.

## HEIMILD TIL KAUPA Á EIGIN BRÉFUM

Stjórn SPRON hefur heimild til þess að kaupa eigin hluti í félaginu eða taka þá að veði. Heimild þessi var samþykkt á hluthafafundi þann 21. ágúst 2007 og stendur í 18 mánuði. Takmarkast heimildin við að samanlögð kaup og veðsetning hluta fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupverð hluta skal vera lægst 10% lægra og hæst 10% hærra en skráð kaup- eða sölugengi í Kauphöll Íslands hf. Árið 2007 var 122.721 hlutur keyptur.

## ÚTGÁFA KAUPRÉTTAR

### Kaupréttaráætlanir

Á hluthafafundi þann 21. ágúst 2007 var samþykkt starfskjarastefna SPRON sem meðal annars felur í sér kaupréttaráætlun til starfsmanna. Þann 28. desember 2007 voru gefnir út kaupréttir að hlutafé í SPRON hf. á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar.

Um er að ræða samtals 46.020 þúsund hluti til 260 starfsmanna þ.e. allra fastráðinna starfsmanna SPRON og dótturfélaga. Heimilt er að nýta þriðjung kaupréttarins frá 20. janúar til 10. mars ár hvert, í fyrsta sinn árið 2009. Rétturinn er á samningsverðinu 10,16 sem er meðaltalsgengi síðustu 15 viðskiptadaga áður en kaupréttaráætlunin var samþykkt.

Einnig veitt stjórn SPRON hf. 52 starfsmönnum kauprétti að samtals 149.100 þúsund hlutum með heimild til að nýta þriðjung kaupréttarins á tímabilinu 20. janúar til 10. mars ár hvert, í fyrsta sinn árið 2009. Rétturinn er á samningsverðinu 10,16 á fyrsta innlausnartímabili, 10,67 á öðru innlausnartímabili og 11,20 á þriðja samningstímabilinu. Starfsmenn hafa heimild til að fresta nýtingu innan samningstímans en við það hækkar samningsverð í það verð sem er í gildi á því tímabili sem kauprétturinn er nýttur.

#### REGLUVARSLA

Regluvörður hefur eftirlit með öllum hlutabréfaviðskiptum starfsmanna í SPRON og gilda strangar reglur um viðskiptin. Sjá nánar um regluvörslu hjá SPRON á bls. 10.

#### FJÁRFESTATENGSL

Það er markmið SPRON að veita skýrar og greinargóðar upplýsingar um starfsemi og rekstur SPRON á hverjum tíma. Hægt er að nálgast allar fréttatilkynningar, skýrslur og uppgjör á vefsíðu félagsins [www.spron.is](http://www.spron.is). Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á [fjarfestatengsl@spron.is](mailto:fjarfestatengsl@spron.is).

#### AÐALFUNDUR OG ÁRSSKÝRSLA


Aðalfundur SPRON er haldinn 27. febrúar í Borgarleikhúsinu. Ársskýrslan liggur frammi á aðalfundi en auk þess er hægt að nálgast skýrsluna á heimasíðu félagsins, [www.spron.is](http://www.spron.is), eða óska eftir því að fá hana í pósti með því að senda beiðni á [fjarfestatengsl@spron.is](mailto:fjarfestatengsl@spron.is).

#### 20 stærstu hluthafar 31. desember 2007

Hluthafar	Hlutir	Hlutfall
SPRON-sjóðurinn ses	730.278	14,59%
Arion safnreikningur	586.533	11,72%
Tuscon Partners Corporation	340.643	6,81%
Kaupþing banki hf.	224.193	4,48%
Vátryggingarfélag Íslands hf.	213.136	4,26%
14 ehf.	155.684	3,11%
Sundagarðar hf.	128.357	2,57%
SPRON hf.	113.339	2,27%
Birkir Baldvinsson hf.	98.424	1,97%
Dexter Fjárfestingar ehf.	83.564	1,67%
Fari ehf.	82.847	1,66%
GLB Hedge	70.000	1,40%
Víkur ehf.	60.574	1,21%
Guðmundur Örn Hauksson	56.081	1,12%
Arol ehf.	55.295	1,11%
Mínerva ehf.	41.116	0,82%
Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	35.991	0,72%
Svellhamar ehf.	28.417	0,57%
Guðmundur Kristinsson	27.729	0,55%
Hákon Elfar Guðmundsson	26.740	0,53%
<b>20 stærstu samtals</b>	<b>3.158.941</b>	<b>63,14%</b>
Aðrir hluthafar	1.841.059	36,79%
Eigin hlutir	4.000	0,07%
<b>Samtals hlutir í SPRON</b>	<b>5.004.000</b>	<b>100%</b>

\*Hlutir í þúsundum

#### Birtingardagatal








**Rakel Sigurðardóttir, viðskiptastjóri.**

Stór hluti viðskiptavina SPRON eru einstaklingar og er mikil áhersla lögð á persónulega þjónustu og trausta ráðgjöf.



# STJÓRNARHÆTTIR

SPRON leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og skilgreinir góða stjórnarhætti sem þann ramma sem að stjórn félagsins er ætlað að starfa innan. Þar er skilgreint hvernig háttá beri samskiptum stjórnar, stjórnenda og hluthafa og er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum, tryggja jafnræði, óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaaðreksa. Með góðum stjórnarháttum stuðlar félagið að auknum trúverðugleika og styrkir þannig tengslin milli félagsins, hluthafa og annarra hagsmunaaðila.



## HLUTAHAFAFUNDIR

Hluthafafundur SPRON fer með æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem að samþykktir félagsins og landslög setja. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári hverju og boðað er til hluthafafundar eftir þörfum. Allir hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar eiga rétt á að sækja hluthafafundi félagsins og bera fram fyrirspurnir. Hluthafafundir eru einnig opnar fjölmiðlum og fulltrúum OMX Nordic Exchange á Íslandi. Hlutabréfum SPRON fylgir atkvæðisréttur og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Enginn hluthafi getur farið með fyrir sjálfs síns hönd eða annarra meira en 5% af heildaratkvæðamagni í félaginu. Sjálfseignarstofnunin SPRON-sjóðurinn ses<sup>1</sup> fer þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjäreign sína skv. 76. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur SPRON er haldinn fyrir lok júní ár hvert og árið 2008 er aðalfundur haldinn 27. febrúar. Á aðalfundi ber að leggja fram eftirfarandi mál:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið ár.
- Endurskoðaður ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.
- Tillögur til breytinga á samþykktum ef borist hafa.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
- Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Aðalfundur er boðaður með auglýsingu í dagblöðum og er greint frá dagskrá fundarins í auglýsingunni. Tillögur um breytingu á samþykktum félagsins koma fram í auglýsingu. Boðað er til aðalfundar með viku fyrirvara að lágmarki og telst hann löglegur sé hann lögformlega boðaður.

## STJÓRN

Stjórn SPRON fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Stjórnin er kjörin til eins árs af hluthöfum á aðalfundi auk varastjórnar. Stjórnarmenn eru fimm.

Stjórn SPRON er skipuð einstaklingum sem búa yfir fjölbreyttri reynslu og þekkingu úr viðskiptalífínu og gegna allir stjórnarmenn ábyrgðarmiklum störfum á öðrum vettvangi. Sjá frekari upplýsingar um stjórnarmenn á bls. 13.

<sup>1</sup> SPRON-sjóðurinn ses varð til við breytingu SPRON í hlutafélag þegar stofnfjäreigendur samþykktu á fundi stofnfjäreigenda þann 21. ágúst síðastliðinn að breyta SPRON í hlutafélag. Samkvæmt lögum 161/2002 skal sparisjóðurinn stofna sjálfseignarstofnun sem við breytinguna verður eigandi þess hluta hlutafjár í sparisjóðnum sem ekki rennur til stofnfjäreigenda. Samkvæmt óháðu mati Capacent nam sá hlutur 15% af heildarhlutafé SPRON þann 31. mars 2007.

## FYLGID EÐA SKÝRID

Stjórn SPRON hefur fylgt tilmælum um Stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, OMX Nordic Exchange á Íslandi og Samtökum atvinnulífsins árið 2005 frá því að félagið var skráð í Kauphöll Íslands 23. október 2007.

### Ábyrgð og skyldur stjórnar

Stjórnin ber ábyrgð á rekstri og árangri félagsins. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs stjórnarformann og varaformann. Stjórnarformaður leiðir starf stjórnarinnar og boðar til stjórnarfundar. Formaður er opinber talsmaður stjórnar nema annað sé ákveðið af stjórn.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á því að sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins. Stjórnin tekur ekki þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð félagsins.

Samþykktar hafa verið sérstakar starfsreglur stjórnar sem gera nánari grein fyrir starfskyldum hennar. Í reglunum er tekið á framkvæmd starfa stjórnarinnar og forstjóra, sérstakt hæfi stjórnarmanna til stjórnarstarfa, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага, framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna og ákvarðanir um fjárfestingar. Hlutverk stjórnarinnar er m.a.:

- Að sjá til þess að stjórnskipulag rekstrar þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- Að tryggja að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- Að setja sér markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum.
- Að hafa yfirumsjón og eftirlit með starfsemi og rekstri dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага.
- Að tryggja gagnsæi í ákvörðunarferlum og úthlutun ábyrgðar og valds til forstjóra til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

### Stjórnarfundir

Stjórnin kom saman 22 sinnum árið 2007 og 4 sinnum frá því félagið var skráð í OMX Nordic Exchange á Íslandi þann 23. október 2007. Full mæting var á alla stjórnarfundum félagsins.

#### Yfirlit yfir stjórnarhætti

Nafn	Óháður	Endurskoðunarnefnd	Starfskjara-nefnd
Hildur Petersen	Já	Já	Já
Erlendur Hjaltason	Nei	Nei	Já
Ásgeir Baldurs	Já	Já	Já
Gunnar Þ. Gíslason	Já	Já	Nei
Ari Bergmann Einarsson	Nei	Nei	Nei

#### Stjórnarfundir

Nafn	Mæting	Endurskoðunarnefnd	Starfskjara-nefnd
Hildur Petersen	22/22	2/2	2/2
Erlendur Hjaltason	22/22	-	2/2
Ásgeir Baldurs	22/22	2/2	2/2
Gunnar Þ. Gíslason	22/22	2/2	-
Ari Bergmann Einarsson	22/22	-	-
Mæting	100%	100%	100%

## STJÓRNARNEFNDIR

### *Endurskoðunarnefnd*

Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur stjórnarmönnum, Hildi Petersen formanni nefndarinnar, Ásgeiri Baldurs og Gunnari Þ. Gíslasyni. Nefndin fundaði tvisvar á árinu.

Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ganga þannig úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur félagsins gefi sem gleggsta mynd af stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma.

Stjórn SPRON hf. mun skilgreina hlutverk endurskoðunarnefndar með hliðsjón af þörfum félagsins.

### *Starfskjaranefnd*

Starfskjaranefnd er skipuð þremur stjórnarmönnum, Hildi Petersen formanni nefndarinnar, Erlendi Hjaltasyni og Ásgeiri Baldurs. Nefndin fundaði tvisvar á árinu.

Hlutverk nefndarinnar er að leggja drög að samningi við forstjóra um laun og önnur starfskjör og móta stefnu um kjaratengd málefni félagsins s.s. árangurstengingu launa og kauprétti í hlutabréfum í félaginu.

Starfskjaranefnd skal taka starfskjarastefnu SPRON hf. til endurskoðunar árlega og leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar. Að öðru leiti mun stjórn SPRON hf. skilgreina skyldur og starfsaðferðir starfskjaranefndar og skulu þær taka mið að þörfum félagsins.

## FORSTJÓRI

Stjórnin ræður forstjóra félagsins og ákveður starfskjör hans. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum 161/2002 eða samþykktum félagsins. Forstjóri stjórnar félaginu í samræmi við stefnu stjórnar. Hann ber ábyrgð á að greina og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemiinni fylgja. Forstjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það eftirlitskerfi sé skilvirkt.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN

Framkvæmdastjórn er skipuð framkvæmdastjórum SPRON og helstu dótturfélaga. Framkvæmdastjórar fara með daglegan rekstur síns sviðs og setja sínu sviði markmið til samræmis við markmið stjórnarinnar. Framkvæmdastjórn fundar mánaðarlega með forstjóra félagsins auk þess sem einstakir framkvæmdastjórar funda með forstjóra eftir þörfum.

## ENDURSKOÐUN

Löggiltur endurskoðandi er kosinn til eins árs á hverjum aðalfundi. Hlutverk endurskoðanda er að fara yfir reikninga félagsins og gögn er tengjast þeim.

Það er jafnframt hlutverk endurskoðanda að fara yfir fyrirreiðslu til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina. Skal hann gefa rökstutt álit á því m.a. með tilliti til viðskiptakjara, endursamninga og stöðu viðkomandi hvort armlengdar sjónarmiða hafi verið gætt í viðskiptum við venslaða aðila. Skýrsla endurskoðanda skal send Fjármálaeftirlitinu ár hvert.

Endurskoðendur SPRON eru KPMG hf.

## INNRI ENDURSKOÐANDI

Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn félagsins og heyrir beint undir stjórn. Hlutverk innri endurskoðanda er að veita sjálfstætt og óháð mat á rekstri félagsins með það fyrir augum að bæta starfsemi félagsins.

## REGLUVARSLA

Regluvörður er skipaður af stjórn félagsins og er regluvörður sjálfstæður í ákvörðunum sínum. Regluvörður hefur eftirlit með því að verklagsreglum sé fylgt er varða aðskilnað starfssviða, viðskipti starfsmanna og þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri. Jafnframt hefur regluvörður eftirlit með viðskiptum innherja og að reglum um meðferð innherjaupplýsinga sé gætt. Regluvörður ber ábyrgð á kynningu á ofangreindum reglum til starfsmanna.

## PENINGAÞVÆTTI

Sérstakur fulltrúi er skipaður af stjórn SPRON sem ber ábyrgð á því að eftirlit sé haft með hugsanlegu peningaþvætti innan félagsins. Hlutverk fulltrúans er að tryggja að félagið fari eftir lögum og reglum er varða peningaþvætti og setja starfsreglur er lúta að eftirliti með peningaþvætti.

# SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

SPRON leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og hefur í gegnum tíðina lagt mikla rækt við nærsamfélagið. SPRON skilgreinir samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins út frá þremur meginþáttum; viðskiptavinum, starfsfólki og samfélaginu í heild.

## VIÐSKIPTAVINIR

Sterk viðskiptasambönd eru kjarni starfsemi SPRON og ábyrgð okkar gagnvart viðskiptavinum er rík. Meginhluti viðskiptavina SPRON eru einstaklingar. Fjárhagsleg velgengni viðskiptavina er okkur mikið hagsmunamál og berum við ábyrgð á því að upplýsa viðskiptavini um þá kosti sem SPRON býður og auðvelða þeim að taka ábyrgar ákvarðanir í fjármálum. Liður í því að efla viðskiptavini okkar á þessu sviði er að fræða þá um fjármál og á árinu hélt SPRON reglulega fræðsluvöld fyrir viðskiptavini sína. Jafnframt hefur SPRON boðið upp á fræðslu til efríbekkinga í grunnskólum með það fyrir augum að kenna ungu fólki hvernig best sé að haga fjármálum sínum.

## STARFSFÓLK

Hæfni starfsfólks og geta til þess að skapa og viðhalda góðum viðskiptasambönum er lykilþáttur í árangri fyrirtækisins. Til þess að laða að, efla og halda í framúrskarandi starfsfólk er lögð áhersla á að innra umhverfi fyrirtækisins sé með allra besta móti. Einnig er lögð rík áhersla á starfsþróun og fræðslu til þess að starfsmenn fái að vaxa og dafna í starfi og árlega býðst starfsmönnum að sækja námskeið sem tengjast starfi þeirra. Alltaf er leitast við að hafa aðbúnað og vinnuáðstæður í góðu lagi. Á hverju ári er framkvæmd vinnustaðagreining þar sem starfsfólk metur umhverfi og aðstæður á vinnustað. Niðurstöður vinnustaðagreiningar árið 2007 sýna að starfsfólk metur



■ SPRON, í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar, styrkir m.a. aðbúnað barna í skólum í Malaví.



■ Starfsmenn SPRON eru í varaliði Rauða kross Íslands.

## SPRON-SJÓÐURINN SES

Með breytingu SPRON í hlutafélag varð til SPRON-sjóðurinn ses. Hlutverk hans er að stuðla að vexti og viðgangi SPRON en auk þess hefur hann heimild til þess að úthluta til menningar- og líknarmála. Sjóðurinn átti 14,59% hlutfjár í SPRON í lok árs 2007. Sjóðurinn er einn stærsti sinnar tegundar á Íslandi. Unnið hefur verið að stefnumótun frá stofnun og er ráðgert að starfsemi sjóðsins hefjist á síðari hluta ársins 2008.

## Samfélagsleg ábyrgð

- SPRON styður Rögnu Ingólfsdóttur, margfaldan Íslandsmeistara í badminton, en hún stefnir að þátttöku á Ólympíuleikunum í Peking 2008.
- SPRON hefur um langt árabíl stutt öflugt menningarstarf Leikfélags Reykjavíkur.



innra umhverfi fyrirtækisins með því hæsta sem gerist hjá íslenskum fyrirtækjum þar með talið öðrum fjármálafyrirtækjum. Frekari upplýsingar um starfsmannastefnu SPRON er að finna á bls. 41.

## SAMFÉLAGIÐ

Menningarsjóður SPRON hefur verið starfandi frá 1996 og hefur sjóðurinn styrkt fjölda verkefna af margvíslegum toga. Í tilefni af 75 ára afmæli SPRON árið 2007 var lögð sérstök áhersla á að styrkja með veglegum hætti nokkur verkefni sem tengjast menningar-, líkna- og íþróttamálum.

Áhersla hefur verið lögð á að virkja starfsmenn SPRON í þeim samfélagslegu verkefnum sem fyrirtækið tekst á hendur. Starfsmenn SPRON eru til að mynda í varaliði Rauða kross Íslands og til þeirra má leita ef til neyðarástands kemur eða sjálfbóðaliða vantar í önnur átaksverkefni. Starfsmenn réðust í fyrsta verkefnið í desember 2007 þegar starfsmenn tóku þátt í jólaúthlutun Rauða kross Íslands, Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastreksnefndar.

Hér á eftir gefur að líta veigamestu verkefni sem SPRON styrkti á árinu.

## MENNING

*Borgarleikhúsið* SPRON hefur átt farsælt samstarf við Borgarleikhúsið um árabíl. Í tilefni af 75 ára afmæli SPRON og 110 ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur var undirritaður viðtækur samstarfssamningur sem nær til næstu þriggja ára á aðalfundi SPRON 8. mars 2007.

*Vetrarhátíð* SPRON studdi Vetrarhátíð árið 2007 eins og undanfarin ár. Vetrarhátíð er haldin af Reykjavíkurborg í

samstarfi við SPRON og Orkuveituna. Á Vetrarhátíð kennir margra grasa og eru fjölmörg menningaratriði á boðstólum fyrir höfuðborgarbúa.

Margvísleg önnur smærri verkefni á sviði menningar og lista voru styrkt á árinu.

## MANNÚÐARMÁL

*Rauði kross Íslands* SPRON hefur stutt við bakið á Rauða kross Íslands í fjöldamörg ár. Um haustið 2007 var ákveðið að styðja við innanlandsátak Rauða krossins en þá var í fyrsta skipti ráðist í kynningu á innanlandsstarfi félagsins. Undirritaður var samningur til næstu fjögurra ára og er samningurinn tímamótasamningur að því leyti að starfsmenn SPRON eru skilgreindir sem sjálfbóðaliðar í varaliði Rauða krossins ef til neyðarástands kemur eða leita þarf til sjálfbóðaliða í önnur stærri átaksverkefni.

*Hjálparstarf kirkjunnar* Í tilefni af 75 ára afmæli SPRON styrkti SPRON Hjálparstarf kirkjunnar í því að reisa 75 brunna í Malaví. Verkefnið nær til næstu þriggja ára. Starfsmenn stóðu að söfnun undir yfirskriftinni „Leikur að menntun“ þar sem safnað var fyrir skriffærum og leikföngum fyrir þá skóla sem eru í þeim héruðum sem brunnarir verða reistir.

Mörg önnur félagasamtök voru einnig styrkt á árinu.

## ÍÞRÓTTIR

SPRON styrkir Afrekssjóð ÍBR en þar er ungt afreksfólk í íþróttum stutt. SPRON gekk jafnframt til liðs við Rögna B. Ingólfsdóttur og Þórey Eddu Elísóttur á árinu og styður þær til þátttöku í Ólympíuleikunum 2008.

# STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN



■ Hildur Petersen

## STJÓRN

*Hildur Petersen*, stjórnarformaður, er fædd 2. ágúst 1955. Hún stundaði viðskiptafræðinám við Háskóla Íslands frá 1975-1978. Hildur var kosin í stjórn SPRON af meirihluta í borgarstjórn árin 1989-1999 en síðan kosin á aðalfundi 2002-2007. Hildur hefur verið stjórnarformaður SPRON frá árinu 2004. Hildur er einnig stjórnarformaður ÁTVR, Barnaheilla, Kaffitárs og Pfaff auk þess sem að hún situr í stjórn FKA, Félags kvenna í atvinnurekstri. Áður var Hildur framkvæmdastjóri Hans Petersen hf. frá 1979-2000. Maki Hildar er Halldór Kolbeinsson.

Hlutabréfaeign í SPRON: 6.568.286 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 2.296.270 krónur að nafnvirði.



■ Erlendur Hjaltason

*Erlendur Hjaltason* er fæddur 21. nóvember 1957. Hann lauk Cand. Merc. - (MBA) gráðu frá Handels-höjskolen í Kaupmannahöfn 1984, áður hafði hann lokið HA (B.Sc.) gráðu frá sama skóla. Erlendur er forstjóri Exista frá 2004. Áður var hann framkvæmdastjóri Eimskipafélags Íslands frá 2002-2004 og framkvæmdastjóri utanlandssviðs Eimskipafélags Íslands 1997-2002. Erlendur er formaður Viðskiptaráðs Íslands. Erlendur var kjörinn í stjórn SPRON árið 2004. Maki Erlendar er Aðalheiður Valgeirsdóttir.

Hlutabréfaeign í SPRON: 2.972.021 króna að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 0 krónur.



■ Ari Bergmann Einarsson

*Ari Bergmann Einarsson* er fæddur 7. júní 1949. Hann lauk Advanced Management námi (AMP) frá I.E.S.E Business School í Barcelona vorið 2006. Ari hefur verið útibússtjóri á austursvæði útibúa SPRON sparisjóðs frá 1997. Ari var kjörinn í stjórn árið 2004. Maki Ara er Ólöf Erla Óladóttir.

Hlutabréfaeign í SPRON: 520.152 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 55.295.181 króna að nafnvirði.



■ Gunnar Þór Gíslason

*Gunnar Þór Gíslason* er fæddur 18. nóvember 1965. Hann lauk MBA gráðu frá London Business School 1994, áður viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1989. Gunnar hefur verið framkvæmdastjóri Sundagarða hf., frá 1994. Gunnar var kjörinn í stjórn árið 2004. Maki Gunnars er Sólveig Ingólfssdóttir.

Hlutabréfaeign í SPRON: 0 krónur.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 128.356.959 krónur að nafnvirði.



■ Ásgeir Baldurs

*Ásgeir Baldurs* er fæddur 17. nóvember 1972. Hann lauk MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2004, áður B.Sc. gráðu í stjórnun og markaðsfræðum frá Johnson & Wales University í Bandaríkjunum 1994. Ásgeir er stjórnarformaður Frumherja hf. og Viking Redningstjeneste AS í Noregi. Ásgeir var forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) til loka árs 2007. Áður var hann forstöðumaður viðskiptaþróunar og almannatengsla VÍS hf. 2003-2005, framkvæmdastjóri Varðar vátryggingafélags hf. 2004-2005 og markaðsstjóri VÍS 2000-2003. Ásgeir var kjörinn í stjórn árið 2004. Maki Ásgeirs er Björg Jónsdóttir.

Hlutabréfaeign í SPRON: 214.860 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 0 krónur.

## VARAMENN Í STJÓRN

*Birkir Baldvinsson* hefur verið í eigin atvinnurekstri í áratugi og er m.a. eigandi Alþjóða Fjárfestingarfélagsins Reykjavík. Birkir er flugvirki að mennt. Birkir var kjörinn í varastjórn SPRON í desember 2004. Birkir er fæddur 7. september 1940 og búsettur í Bretlandi. Maki hans er Guðfinna Guðnadóttir.

*Esther Guðmundsdóttir* lauk MPA prófi frá Háskóla Íslands árið 2005, áður BA prófi í almennum þjóðfélagsfræðum frá Háskóla Íslands árið 1975. Hún var framkvæmdastjóri Hyrnu ehf./Quebecor World á Íslandi ehf. 2000-2003. Esther var kjörin í varastjórn SPRON í desember 2004. Esther er fædd 10. júlí 1948 og býr í Reykjavík. Maki hennar er Björgvin Jónsson.

*Guðmundur Arnaldsson* hefur rekið eigin bókhalds- og ráðgjafastofuna Rekstrarverktak ehf. frá árinu 1998. Guðmundur lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands 1981 og áður kennararéttindum frá Kennaraháskóla Íslands 1968. Guðmundur var kjörinn í varastjórn SPRON í desember 2004. Guðmundur er fæddur 30. september 1945 og er búsettur í Reykjavík. Maki Guðmundar er Auðbjörg Guðjónsdóttir.

*Rögnvaldur Othar Erlingsson* er sjálfstætt starfandi. Hann var framkvæmdastjóri og eigandi Vörukaupa ehf til 10. júní 2005. Rögnvaldur var kjörinn í stjórn SPRON í desember 2004. Rögnvaldur Othar er fæddur 2. febrúar 1957 og er búsettur í Kópavogi. Maki hans er Helena Rut Kristjánsdóttir.

*Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson* situr í borgarstjórn Reykjavíkur. Vilhjálmur lauk Cand Juris prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1974. Hann hefur starfað í borgar- og sveitarstjórnarmálum síðastliðin 25 ár. Vilhjálmur var borgarstjóri í Reykjavík 2006-2007. Vilhjálmur var kjörinn í varastjórn SPRON í desember 2004. Vilhjálmur er fæddur 25. apríl 1946 og er búsettur í Reykjavík. Sambyliskona hans er Guðrún Kristjánsdóttir.





■ Guðmundur  
Hauksson

## FORSTJÓRI

*Guðmundur Hauksson* lauk I.S.M.P. frá Harvard Business School árið 1993, áður viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1976. Hann hefur verið forstjóri SPRON frá árinu 1996. Á árunum 1991-1996 var hann forstjóri Kaupþings hf., framkvæmdastjóri Íslandsbanka 1990-1991, bankastjóri Útvegsbanka Íslands hf. 1987-1990 og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1986-1987.

Hlutabréfaeign í SPRON: 56.080.713 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 516.786 krónur að nafnvirði.



■ Þórir Haraldsson

## INNRI ENDURSKOÐANDI

*Þórir Haraldsson* lauk cand oc. prófi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands 1984. Hann hefur verið forstöðumaður innri endurskoðunar SPRON frá árinu 2002. Áður var Þórir forstöðumaður hag- og endurskoðunardeildar SPRON.

Hlutabréfaeign í SPRON: 869.797 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 254.599 krónur að nafnvirði.



■ Páll Árnason

## ÁHÆTTU- OG ÚTLÁNASTÝRING

*Páll Árnason* lauk viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1976 og löggildingu í verðbréfamíðlun 1998. Hann hefur verið forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar SPRON frá 2004. Á árunum 1998-2003 var hann forstöðumaður innri endurskoðunar hjá Kaupþingi hf., áður var hann yfirmaður ráðgjafabjónustu Kaupþings, framkvæmdastjóri Auðlindar hf. og framkvæmdastjóri Hávöxtunarfélagsins hf.

Hlutabréfaeign í SPRON: 2.086.010 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 1.486.010 krónur að nafnvirði.



■ Harpa Gunnarsdóttir

## FRAMKVÆMDASTJÓRN

*Harpa Gunnarsdóttir*, framkvæmdastjóri þjónustusviðs, lauk MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2004. Viðskipta- og rekstrarnámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands 1994. Hún hefur verið framkvæmdastjóri þjónustusviðs SPRON frá 2005 auk þess að vera framkvæmdastjóri fjárhagssviðs SPRON fram til janúar 2008. Áður var hún forstöðumaður starfsmannaþjónustu SPRON frá 1999-2005.

Hlutabréfaeign í SPRON: 1.651.762 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 99.067 krónur að nafnvirði.



■ Kristján Þór Harðarson

*Kristján Þór Harðarson*, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, lauk M.A. prófi í alþjóðamarkaðsfræðum frá University of Alabama 1989 og áður B.Sc. – prófi frá sama skóla 1988. Kristján hefur verið framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar frá mars 2006. Áður var hann framkvæmdastjóri SPRON korta frá mars 2005, framkvæmdastjóri markaðssviðs SPRON 2002-2005 og forstöðumaður viðskiptaþróunar 2001-2002.

Hlutabréfaeign í SPRON: 135.000 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 26.647.290 krónur að nafnvirði.



■ Ólafur Haraldsson

*Ólafur Haraldsson*, framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs, upplýsingatæknisviðs og staðgengill forstjóra, lauk við Executive Program við University of Virginia – Darden árið 1998, áður útskrifaðist hann í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1982. Ólafur hefur verið framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs og upplýsingatæknisviðs SPRON frá mars 2005. Áður var hann framkvæmdastjóri rekstrarsviðs SPRON frá 1986. Ólafur hefur verið staðgengill forstjóra frá árinu 1988.

Hlutabréfaeign í SPRON: 1.460.802 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 36.389.976 krónur að nafnvirði.



■ Ósvaldur Knudsen

*Ósvaldur Knudsen*, framkvæmdastjóri SPRON fjárstýringar, lauk MBA gráðu frá Babson College í Boston árið 2004. Áður hafði hann lokið viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 2002. Ósvaldur hefur verið framkvæmdastjóri fjárstýringar frá mars 2006 og áður var hann framkvæmdastjóri fjárhagssviðs SPRON frá mars 2005 til október 2006.

Hlutabréfaeign í SPRON: 112.106 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 0 krónur.



■ Valgeir M. Baldursson

*Valgeir M. Baldursson*, framkvæmdastjóri fjárhagssviðs SPRON, lauk MBA prófi frá Háskóla Reykjavíkur 2007. Hann hefur verið framkvæmdastjóri fjárhagssviðs frá janúar 2008, áður framkvæmdastjóri fjárfestinga SPRON. Þar áður var hann sérfræðingur á sviði fyrirtækjaráðgjafar hjá SPRON verðbréfum frá 2006.

Hlutabréfaeign í SPRON: 1.219.964 krónur að nafnvirði.

Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 0 krónur.



■ Geir Þórðarson

*Geir Þórðarson*, framkvæmdastjóri Netbankans, nb.is – sparisjóðs hf., lauk viðskipta- og rekstrarnámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 1994. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Netbankans frá stofnun hans árið 2001. Áður var Geir forstöðumaður Netbankans frá 1999, en þá var Netbankinn deild innan SPRON.

Hlutabréfaeign í SPRON: 12.693.815 krónur að nafnvirði.  
Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 0 krónur.

■ Jón Hallur  
Pétursson

*Jón Hallur Pétursson*, framkvæmdastjóri SPRON verðbréfa hf., lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóli Íslands árið 1985. Hann stundaði framhaldsnám í Universitat Karlsruhe 1985-1986. Jón hefur verið framkvæmdastjóri SPRON verðbréfa frá stofnun þess í mars 2006. Áður var hann forstöðumaður SPRON markaðsviðskipta frá febrúar 2005. Jón Hallur var fjármálastjóri Útgerðarfélag Akureyringa hf. og síðar Brims Seafood ehf. frá árinu 1997 til 2004.

Hlutabréfaeign í SPRON: 4.913.088 krónur að nafnvirði.  
Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 0 krónur.



■ Kristinn Bjarnason

*Kristinn Bjarnason*, framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans hf., lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1994 og löggildingu í verðbréfamiðlun 1998. Kristinn hefur verið framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans frá árinu 2001. Frá 1. júní 1996 starfaði Kristinn hjá Samvinnusjóði Íslands (síðar Frjálsa fjárfestingarbankanum), á árunum 1998-1999 var hann settur framkvæmdastjóri þar. Frá 1994-1996 starfaði Kristinn hjá PricewaterhouseCoopers.

Hlutabréfaeign í SPRON: 0 krónur.  
Hlutabréfaeign fjárhagslegra tengdra aðila í SPRON: 0 krónur.

**Eiríkur Óli Árnason, forstöðumaður hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum.**

Frjálsi fjárfestingarbankinn sérhæfir sig í fasteignalánunum til einstaklinga og fyrirtækja. Bankinn hefur lagt sérstaka áherslu á þjónustu við sjálfstæða atvinnurekendur.





# ÁHÆTTUSTÝRING

Forstjóri, í umboði stjórnar, ber ábyrgð á að reglum um áhættustýringu innan SPRON sé framfylgt. Hann sér til þess að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og mæla áhættuþætti í daglegri starfsemi SPRON, ásamt stýringu áhættu félagsins.

Daglegt eftirlit áhættustýringar er á ábyrgð forstöðumanns áhættu- og útlánastýringar. Meginhlutverk einingarinnar er að greina áhættu SPRON á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og setja ákveðin viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta.

## REKSTRARÁHÆTTA

Rekstraráhætta snýr að innviðum fyrirtækisins, hæfni starfsfólks, áreiðanleika og skilvirkni starfsferla, upplýsingakerfa fyrirtækisins og ytra umhverfi. Áhætta í rekstarumhverfi lýtur m.a. að lagalegri áhættu, starfsmannáhættu og upplýsingaáhættu. Leitast er við að stýra rekstraráhættu með það fyrir augum að lágmarka hugsanlegt tap.

Þann 26. júní 2007 voru samþykkt á Alþingi ný lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, í daglegu tali nefnd MiFID. Nýju lögin, sem tóku gildi þann 1. nóvember 2007, stórauka þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja um hvernig þau standa að víðskiptum sínum.

Markmið MiFID-tilskipunarinnar er að auka neytendavernd fjárfesta. Tekið er mið af reynslu og þekkingu aðila sem stunda víðskipti á fjármálamörkuðum. Neytendavernd fjárfesta er mismikil og fer minnkandi eftir því sem reynsla og þekking af verðbréfavíðskiptum er talin meiri. Því eru fjárfestar flokkaðir í þrjú meginflokk, almenna fjárfesta, fagfjárfesta og víðurkennda gagnaðila.

Áhrif nýju laganna ná til flestra þátta í starfsemi verðbréfafyrirtækja, t.d. gerð samninga, öflunar upplýsinga frá víðskiptavinum, framkvæmd víðskiptafyrirmæla, ráðgjafar og eignastýringar, gerð verklagsreglna og innra eftirlits.


Síðan 1. nóvember hefur verið unnið skv. ákvæðum laganna hjá SPRON og samhliða unnið að því að aðlaga verkferla og starfsemi félagsins í ljósi reynslunnar á fyrstu mánuðunum.

## ÚTLÁNAÁHÆTTA


Með útlánaáhættu SPRON er átt við þá áhættu sem tengd er mögulegu greiðslufalli hjá víðskiptavinum félagsins. Stýring útlánaáhættu er mjög mikilvægur þáttur í stjórnun félagsins.

Stjórn SPRON setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu félagsins.

### Hlutfallsleg skipting útlána víðskiptamanna SPRON




### Hlutfallsleg skipting útlána SPRON eftir atvinnugreinum



Útlán til fyrirtækja eru flokkuð eftir atvinnugreinum og fylgist áhættu- og útlánastýring SPRON með útlánunum til einstakra atvinnugreina. Hlutfall þjónustustarfsemi og iðnaðar hefur aukist á undanförunum árum á meðan hlutfall verslunar hefur dregist saman. Það er í samræmi við stefnu SPRON um að auka útlán til ákveðinna atvinnugreina sem félagið hefur sérþekkingu á, svo sem iðnaðar, sérstaklega til byggingariðnaðar og verktaka, og þjónustustarfsemi.


Vanskil hafa farið ört minnkandi síðustu ár, en virðast nú hafa náð lágmarki.

### Þróun vanskilahlutfalls og útlána



Hlutfall lengstu útlánanna (lengri en fimm ár) í útlánasafni SPRON hefur aukist verulega á undanfönum árum eins og sést á myndinni hér fyrir neðan. Í lok árs 2007 voru lán til lengri tíma en 5 ára rúm 57% af heildarútlánnum en voru rúm 23% í lok ársins 2002. Aukningin stafar af breytingum á húsnæðislánamarkaðnum. Hlutfall stystu lánanna (allt að 3 mánuðir) hefur að sama skapi dregist saman. Flest langtímahúsnæðislán til einstaklinga eru með endurskoðunarákvæði vaxta eftir fimm ár frá útgáfu.

### Hlutfallsleg skipting útlána viðskiptamanna SPRON eftir gjalddaga




### MARKAÐSÁHÆTTA

Markaðsáhætta er einn af helstu áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækis, en markaðsáhætta er sú áhætta sem felst í áhrifum sem hreyfingar á verði á mörkuðum hafa á eignir og skuldir félagsins. Hér getur verið um að ræða breytingu á vaxtastigi, breytingu á hlutabréfaverði og/eða breytingu á gengi gjaldmiðla.

Eign SPRON í Exista og öðrum fjármálafyrirtækja hefur takmörkuð áhrif við útreikning á eiginfjárlutfalli þar sem eign í Exista er dregið frá eigin fé SPRON áður en hlutfallið er reiknað út.

### Fjárfestingastarfsemi 42,9 milljarðar króna



### VAXTAÁHÆTTA

Starfsemi SPRON lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum.

### GJALDEYRIS- OG AFLEIÐUÁHÆTTA

Gjaldeyrissáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Stefna SPRON er að halda gjaldeyrissáhættu í lágmarki og hefur ekki verið í stöðutöku í myntum. Seðlabanki Íslands setur reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og hefur SPRON sett sér strangari reglur sem tilgreindar eru í áhættuhandbók félagsins.


### LAUSAFJÁRÁHÆTTA

Lausafjárahætta er hætta á að félagið eigi ekki nægjanlegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum á gjalddaga. SPRON fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Frekari upplýsingar um lausafjárstöðu er á bls. 23.

### EIGINFJÁRHUTFALL

Fjármálafyrirtæki skal gæta þess að eigið fé sé nóg til þess að fyrirtækið geti staðið við skuldbindingar sínar. Lágmarkseiginfjárlutfall útreiknað á CAD-grunni skal vera að lágmarki 8% af áhættugrunni. Eiginfjárbáttur A skal vera að lágmarki 4%.

Markmið SPRON er að eiginfjárlutfall fari ekki niður fyrir 10%. Í lok árs 2007 var hlutfallið 13,4% og eiginfjárbáttur A 19,9%.





# FJÁRSTÝRING OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Traust fjármögnun til síðari hluta 2009.
- Sterk lausafjárstaða.

Fjárstýring SPRON ber ábyrgð á fjármögnun samstæðunnar til skemmri og lengri tíma bæði innanlands sem utan. Einnig ber fjárstýring ábyrgð á fjármögnunaráætlunum, stýringu lausafjárahættu og samskiptum við fjármálastofnanir heima og að heiman. Fjárstýring stýrir einnig gjaldeyrisáhættu félagsins en SPRON hefur stefnt að því að halda gjaldeyrisáhættu í lágmarki á undanförunum árum og hefur ekki verið í stöðutöku í myntum. SPRON er jafnframt aðili að millibankamarkaði með krónur.


Fjármögnun SPRON er fyrst og fremst í gegnum innlán en lántaka hefur þó skipað sífellt stærri sess í heildarfjármögnun félagsins á undanförunum árum. Innlán sem hlutfall af útlánum hafa vaxið úr 44% í árslok 2006 í 53% í árslok 2007 en mikil áhersla var lögð á að auka innlán á árinu.

Stærsta lántaka SPRON á árinu 2007 var sambankalán að upphæð 200 milljónir evra í maí en það lán er til þriggja ára. Tímasetning lántökunnar reyndist hagstæð ef haft er í huga að fjármagnskostnaður hækkaði umtalsvert í lok sumars. Á árinu 2008 er aðeins eitt langtímalán á gjalddaga sem nemur 20 milljónum evra en það hefur þegar verið fjármagnað. Sterk lausafjárstaða er afar þýðingarmikil nú þegar lánamarkaðir einkennast af miklu umróti. Þegar litið er til framtíðar er ljóst að SPRON stefnir á að auka möguleika félagsins á sviði fjármögnunar. SPRON stefnir á að minnka enn frekar endurfjármögnunaráhættu félagsins með því að auka landfræðilega dreifingu fjármögnunar, auka dreifingu á tegundum fjármögnunar og tryggja jafnan endurgreiðsluferil. Alþjóðlegt lánshæfismat mun hjálpa við að ná þessum markmiðum á næstu árum.


## LÁNSHÆFISMAT

Stefna SPRON er að fá alþjóðlegt lánshæfismat á árinu 2008. Lánshæfismat mun gefa SPRON færi á að sækja fjármagn á markaði sem eru ekki aðgengilegir nú. Mat á lánshæfi mun ennfremur auka sveigjanleika varðandi fjármögnun og lækka fjármagnskostnað þar sem matið ætti að gera SPRON kleift að sækja fjármagn með tíðari og hagkvæmari hætti en áður. Síðast en ekki síst ætti lánshæfismat að verða til þess að meiri upplýsingar en ella koma fram á sjónarsviðið sem ætti að nýtast fjárfestum í að mynda sér skoðun um SPRON sem fjárfestingarkost.

### Landfræðileg dreifing lántöku



### Endurgreiðsla lántöku





**Guðmunda Smáradóttir, viðskiptastjóri.**

Viðskiptabankastarfsemi SPRON hvílir á traustum grunni og hefur fyrirtækið yfir 75 ára reynslu í þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki á íslenskum fjármálamarkaði.



# EFNAHAGSUMHVERFIÐ 2007

- Sviptingar í íslensku efnahagsumhverfi.
- Sveiflur á hlutabréfamarkaði.
- Tími aðlögunar framundan.

Árið 2007 einkenndist af sviptingum í íslensku efnahagsumhverfi. Verðhækkanir á fasteignamarkaði héldu áfram framan af ári líkt og fyrri ár. Þann 1. mars var lánshlutfall Íbúðalánasjóðs hækkað úr 80% í 90% og hámarkslán úr 17 milljónum króna í 18 milljónir króna. Í kjölfarið jókst velta á fasteignamarkaði og hækkun á verði húsnæðis hélt áfram að vera leiðandi þáttur í þróun verðbólgu. Metvelta var á fasteignamarkaði á árinu og hækkaði vísitala íbúðaverðs að meðaltali um 10% samanborið við rúmlega 13% hækkun árið 2006. Verðbólga jókst í upphafi árs en lækkaði töluvert eftir lækkun virðisaukaskatts á matvæli þann 1. mars síðastliðinn. Í júlímánuði fór verðbólga undir 4% þolmörk Seðlabankans, í fyrsta skipti í tæplega tvö ár en verðbólga mældist 5,9% á árinu 2007.


Seðlabanki Íslands hélt stýrivöxtum óbreyttum frá ársbyrjun og fram til 1. nóvember. Eftir að verðbólga leitaði undir þolmörk bankans í júlí síðastliðnum tók ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa að hækka og hækkuðu vextir Íbúðalánasjóðs og viðskiptabankanna á seinni helmingi ársins. Með haustmánuðum tók verðbólga að stíga á nýjan leik og jafnframt hækkaði ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa hratt fram í desember. Því til viðbótar hækkaði bankinn stýrivexti um 0,45 prósentustig þann 1. nóvember eftir að hærri verðbólgutölur gáfu til kynna að enn væri töluverður eftirspurnarþrýstingur til staðar í hagkerfinu.

Þann 6. júlí tilkynnti ríkisstjórn Íslands um þriðjungs niðurskurð þorskkvóta á næsta fiskveiðiári og áform um mótvægisáðgerðir í kjölfarið. Tilkynningin hafði lítil sem engin áhrif á gengi krónunnar sem hafði styrkst frá ársbyrjun. Atvinnuleysi var 1% á árinu og hefur ekki mælst jafnlagt frá árinu 1988. Útgáfa Jöklabréfa hélt áfram og má ætla að meirihluta bréfa á gjalddaga árið 2007 hafi verið framlengdur enda vaxtamunur við útlönd í hámarki.

Einkaneysla og fjárfesting drógust hratt saman á fyrsta ársfjórðungi og var landsframléiðsla áætluð sem næst óbreytt að raungildi frá sama tíma árið áður. Hagvöxtur tók hins vegar við sér þegar líða tók á árið og mældist um 4,3% að raungildi á þriðja ársfjórðungi. Viðskiptajöfnuður var neikvæður um 110 milljarða króna á fyrstu þremur fjórðungum ársins, samanborið við um það bil 207 milljarða árið áður. Það er því ljóst að halli á viðskiptum við útlönd dróst hratt saman á árinu eftir að hafa slegið öll met árið áður þegar hann mældist um 27% af landsframléiðslu.

Verð á hlutabréfum hækkaði hratt á fyrri helmingi ársins enda atvinnuástand gott, kaupmáttur fór vaxandi og fjárfesting á fasteignamarkaði var í hámarki. Hlutabréfamarkaðir fóru ekki varhluta af hækkanir eignaverði og gnótt lausafjár í umferð frekar en fyrri ár. Þegar komið var fram í júlímánuð hafði Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands hækkað um rúmlega 40% og stefndi í enn eitt metár á hlutabréfamarkaði.

## Gengis- og vaxtaþróun



Heimild: Ifs ráðgjöf ehf.


Aðstæður á mörkuðum snerust hins vegar snögglega við um mitt sumar. Um miðjan júlímánuð tóku að berast fréttir frá Bandaríkjunum um að vanskil á annars flokks fasteignalánum færu hratt vaxandi. Í kjölfarið tók fasteignaverð í Bandaríkjunum að lækka og tiltrú fjárfesta á skuldabréfum tryggðum með annars flokks fasteignalánum að minnka. Ótti við efnahagssamdrátt í Bandaríkjunum fór vaxandi og hlutabréfamarkaðir lækkuðu skart fram í ágúst mánuð. Fjárfestar og fjármálastofnanir héldu að sér höndum og hvarf hluti lausafjár út úr bankakerfinu á skömmum tíma. Bankar þurftu því að leita eftir auknu lausafé af meira harðfylgi en áður til að standast kröfur um lágmark eiginfjár og lágmark lausafjár. Við þessar aðstæður þrengdust skilyrði banka og fjármálastofnana til endurfjármögnunar um allan heim og millibankavextir og skuldatryggingarálög hækkðu snögglega.

Allþjóðleg lausafjárþurrð teygði anga sína til Íslands og víðar. Til að mæta lausafjárþörf brugðu bankar og fjármálastofnanir um allan heim á það ráð að losa um auðseljanlegar eignir og flytja fjármuni sína frá hávaxtamýntum líkt og íslensku krónunni yfir í Bandaríkjadali. Við það myndaðist söluprýstingur á hlutabréf og fyrirtækjaskuldabréf sem olli því að hlutabréfaverð gaf verulega eftir og ávöxtunarkrafa fyrirtækjaskuldabréfa hækkði hratt. Gengi íslensku krónunnar og annarra

hávaxtamýnta lækkaði það sem eftir var ársins og voru áhrifin á hlutabréfa- og gjaldeyrismörkuðum oftar en ekki öfgakenndari hér á landi en til að mynda í Bandaríkjunum og Evrópu. Á síðustu mánuðum ársins lækkuðu Seðlabankar Bandaríkjanna og Bretlands stýrivexti og dældu lausafé inn á peningamarkaði í stórum stíl til að reyna að koma til móts við fjármálastofnanir. Aðgerðirnar virtust þó ekki hafa tilætluð áhrif þar sem hlutabréfamarkaðir lækkuðu skarpt engu að síður. Þegar upp var staðið hafði verðhækkun ársins á hlutabréfamarkaði hér á landi gengið til baka og lækkaði Úrvalsvisitala Kauphallarinnar um 1,4% á árinu 2007.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings lækkaði lánshæfismat ríkissjóðs 15. mars 2007. Lækkunin hafði ekki mikil áhrif á fjármálamarkaði hér á landi en rökstuðningur Fitch fyrir lækkuninni var sem áður skuldsetning og ríkjandi ójafnvægi í hagkerfinu sem mögulega gæti ógnað langtímastöðugleika íslensks efnahagslífs. Matsfyrirtækið Moody's Investor Service staðfesti hæstu lánshæfiseinkunn ríkissjóðs, Aaa þann 21. ágúst síðastliðinn. Moody's tók upp nýja aðferðafræði á árinu, svokallaða stuðningsgreiningu (e. Joint Default Analysis), en í henni felst að mögulegur kerfisbundinn stuðningur íslenska ríkisins á tímum lausafjárþurrðar eða rekstrarerfiðleika fær aukið vægi við úthlutun lánshæfiseinkunnar til handa viðskiptabönkunum.

Ástandið á íslenskum fjármálamarkaði hefur sjaldan verið jafn tvísýnt og á árinu 2007. Ekkert varð af yfirtöku Kaupþings á hollenska bankanum NIBC en frá miðju sumri hafði staðið til að ganga frá fjármögnun á kaupunum. Skuldatryggingarálag íslensku bankanna náði sögulegum hæðum á árinu þrátt fyrir að víða hafi verið gagnrýnt að svokallað Íslandsálag ætti ekki við nein rök að styðjast. Ýmis samdráttareinkenni má sjá hér á landi um þessar mundir og til að mynda virðist velta á fasteignamarkaði ætla að dragast hratt saman á komandi ári. Útlán bankanna eru í lágmarki og mun endurfjármögnun þeirra án nokkurs vafa verða töluvert dýrari en verið hefur undanfarin ár. Íslenskt efnahagslíf stendur nú á tímamótum þar sem tími aðlögunar tekur við af langvarandi hagvaxtarskeiði.



Heimild: Ífs ráðgjöf ehf.

# REKSTRARAFKOMA 2007

## REKSTRARREIKNINGUR

### Tekjur


Afkoma SPRON var góð á árinu þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hagnaður SPRON á árinu 2007 nam 3.299 milljónum króna fyrir skatta samanborið við 10.879 milljónir króna árið 2006. Hagnaður eftir skatta nam 3.287 milljónum króna í samanburði við 9.010 milljónir króna árið 2006. Hreinar rekstrartekjur á árinu námu 9.216 milljónum króna og lækkuðu um 39,4% frá árinu 2006. Lækkun á hreinum rekstrartekjum milli ára skýrist að stórum hluta af því að fyrir skráningu Exista á markað var eignarhluturinn færður á innra virði félagsins. Við skráningu var eignarhluturinn færður á markaðsvirði og myndaðist við það mikill gengishagnaður árið 2006.

Hreinar vaxtatekjur námu 2.646 milljónum króna á árinu, í samanburði við 2.415 milljónir króna árið 2006. Vaxtatekjur á árinu námu 20.932 milljónum króna, í samanburði við 14.537 milljónir króna árið 2006 og jukust um 44%.


Vaxtagjöld námu 18.286 milljónum króna í samanburði við 12.123 milljónir króna árið 2006 og hafa aukist um 51%. Vaxtamunur, sem hlutfall af meðalstöðu efnahagsreiknings var 1,3% í samanburði við 1,6% árið 2006. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 1,7% árið 2007 í samanburði við 2,2% árið 2006. Töluverðra áhrifa af verðbólgu gætir í vaxtamun SPRON og útskýrir að hluta lægri vaxtamun á árinu í samanburði við árið 2006.

Hreinar þjónustutekjur námu 1.531 milljónum króna á árinu 2007 í samanburði við 975 milljónir króna árið 2006 og hafa aukist um 57%. Aðrar rekstrartekjur árið 2007 námu 5.039 milljónum króna og lækkuðu um 57,3% frá árinu 2006. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum námu 4.602 milljónum króna í samanburði við 10.115 milljónum króna árið 2006 og lækkaði um 54%. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um 3.259 milljónir króna í


### Vaxtatekjur og vaxtagjöld




### Þjónustutekjur og þjónustugjöld



### Vaxtamunur



### Hagnaður eftir skatta



samanburði við 1.407 milljóna króna hagnað árið 2006. Á árinu seldi SPRON hluta af hlutabréfaeign sinni í Exista til Kistu-fjárfestingarfélags, en eignarhlutur Kistu í Exista nam 8,9% í lok árs 2007. Kista-fjárfestingarfélag er hlutdeildarfélag SPRON og var eignarhlutur SPRON í Kistu 48,4% í lok árs 2007. Í nóvember seldi SPRON 19,4% hlut í Icebank og eftir sölu á SPRON 5,2% í Icebank. Söluhagnaður var færður til bókar á fjórða ársfjórðungi 2007 og nam söluhagnaðurinn um 3,1 milljörðum króna.

### Gjöld


Rekstrarkostnaður árið 2007 nam 5.419 milljónum króna og jókst um 35% frá fyrra ári. Aukinn rekstrarkostnaður skýrist fyrst og fremst af styrkingu grunnrekstrar á árinu, auk þess sem um einskiptiskostnað er að ræða sem fylgdi breytingu SPRON í hlutafélag og skráningu í OMX Nordic Exchange á Íslandi. Launakostnaður var 2.398 milljónir króna, samanborið við 1.926 milljónir króna árið 2006 sem skýrist af fjölgun starfsmanna á árinu og breyttri samsetningu þeirra, en félagið hefur lagt áherslu á að byggja upp þau starfssvið sem hafa áhrif á þóknatekjur félagsins. Stöðugildi voru 286 í lok árs 2007, samanborið við 245 árið 2006. Annar rekstrarkostnaður nam 2.845 milljónum króna á árinu 2007 samanborið við 1.974 milljónir króna árið 2006. Virðisrýrnun útlána árið 2007 nam 498 milljónum króna í samanburði við 308 milljónir króna árið 2006. Tekjuskattur á árinu nam 12 milljónum króna í samanburði við 1.868 milljónir árið 2006. Félagið frestaði greiðslum á tekjuskatti vegna söluhagnaðar á eignarhlutum í félögum, meðal annars í tengslum við fjárfestingu í dótturfélögum. Ekki var færð tekjuskattsskuldbinding vegna dótturfélaga.

## EFNAHAGSREIKNINGUR


### Eignir

Heildareignir SPRON námu 224.196 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 184.501 milljónir króna í lok árs 2006 og hafa því vaxið um 22% á árinu. Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands námu 10.332 milljónum króna í samanburði við 2.432 milljónir króna 2006 og jukust um 325%. Kröfur á lánastofnanir námu 3.728 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 7.223 milljónir króna í lok árs 2006. Útlán til viðskiptamanna námu 161.630 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 128.296 milljónir króna í lok árs


### Innlán og útlán




### Heildareignir




### Eiginfjárhlutfall




**Arðsemi eigin fjár 11,5%**



**Lán til viðskiptavina – eftirstöðvatími**



**Lán til viðskiptavina eftir atvinnugreinum**



2006, útlánaaukningin á árinu er því 26%. Lán til einstaklinga eru 60% af útlánasafni SPRON og 80% af útlánunum eru með fasteignaveði. Veltufjáreignir námu 27.508 milljónum króna í lok árs 2007 og hafa vaxið um 35% frá áramótum. Fjáreignir á gangvirði námu 12.666 milljónum króna í lok árs 2007 og hafa lækkað um 24% frá 2006. Eignir í hlutdeildarfélagum námu 2.575 milljónum króna í lok árs 2007, í samanburði við 4.580 milljónir króna í lok árs 2006. Á árinu seldi SPRON hluta af hlutabréfæign sinni í Exista til Kistu fjárfestingarfélags og skýrir það lækkun fjáreigna á gangvirði á tímabilinu. Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka Íslands námu 8.513 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 11.524 milljónir króna í lok árs 2006. Innlán frá viðskiptavinum SPRON námu 85.410 milljónum króna í lok árs 2007 og hafa vaxið um 51% frá 2006. Innlán frá viðskiptavinum sem hlutfall af útlánunum til viðskiptavina var 53% í samanburði við 44,1% í lok árs 2006.

**Skuldir og eigið fé**

Lántaka SPRON nam 89.097 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 69.642 milljónir króna í lok árs 2006. Víkjandi lán námu 5.433 milljónum króna í lok árs 2007 samanborið við 5.216 milljónir króna í lok árs 2006. Eigið fé SPRON nam 27.761 milljónum króna í lok árs 2007 í samanburði við 34.775 milljónir króna í lok árs 2006. Á tímabilinu var greiddur út arður að upphæð 8.949 milljónir króna. Eiginfjárlutfall SPRON samkvæmt CAD reglum var 13,4% í lok árs 2007. Eiginfjárlutfall A var 19,9%.

Þann 31. desember var útgefið hlutfé félagsins 5.004.000.000 að nafnvirði. Hluthafar SPRON þann 31. desember voru samtals 2231. Stærsti hluthafinn er SPRON-sjóðurinn ses en hlutfjáreign sjóðsins nam 14,59% í lok árs 2007.



**Helstu kennitölur**

	2007	2006	2005	2004	2003
Kostnaðarhlutfall .....	58,8%	26,4%	36,7%	50,3%	55,3%
Vaxtamunur .....	1,3%	1,6%	2,4%	3,8%	3,8%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta .....	11,5%	58,7%	61,5%	36,0%	21,0%
Framlag í afskriftarreikning sem hlutfall af útlánum .....	0,3%	0,2%	0,4%	0,9%	1,8%
Eiginfjárlutfall (CAD) .....	13,4%	20,2%	13,6%	10,4%	12,8%
Eiginfjárlutfall (eiginfjárbáttur A) .....	19,9%	31,1%	19,6%	12,3%	10,0%
Afskriftarreikningur útlána sem hlutfall af útlánum og veittum ábyrgðum .....	0,9%	0,9%	1,2%	2,0%	2,8%
Stöðugildi í lok tímabils .....	286	245	206	184	183
Innlán sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina .....	52,8%	44,1%	46,3%	72,1%	80,4%

**REIKNADUR GRUNNREKSTUR SPRON**

	2007	2006	2005	2004
Hagnaður fyrir skatta .....	3.298	10.879	4.956	1.984
Bakfærður gengismunur .....	(4.915)	(11.522)	(4.963)	(1.981)
Leiðréttar vaxtatekjur .....	5.918	2.584	899	224
Leiðréttur kostnaður .....	588	426	307	255
Hagnaður reiknaðs grunnrekstrar fyrir skatta .....	4.859	2.366	1.198	482
Arðsemi eiginfjár fyrir skatta af reikn. grunnrekstri ....	17,1%	15,4%	18,1%	9,2%

Upphæðir í milljónum króna

Reiknaður grunnrekstur fyrir skatta árið 2007 nam 4.859 milljónum króna samanborið við 2.366 milljónir króna árið 2006. Arðsemi eigin fjár fyrir skatta árið 2007 af grunnrekstri var 17,1% á ársgrundvelli.

Reiknaður grunnrekstur SPRON felur í sér að rekstrarliðir vegna fjárfestinga eru bakfærðir, þar með talinn gengismunur, en á móti eru vaxtatekjur leiðréttar sem nemur kostnaði samstæðunnar af því að vera með hlutabréfa- og skuldabréfastöður.

# FIMM ÁRA YFIRLIT

Fimm ára yfirlit í milljónum króna

<b>Tekjur</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>
Vaxtatekjur .....	20.932	14.537	7.884	5.547	4.950
Vaxtagjöld .....	-18.286	-12.123	-5.659	-3.272	-2.964
<b>Hreinar vaxtatekjur</b> .....	<b>2.646</b>	<b>2.415</b>	<b>2.225</b>	<b>2.275</b>	<b>1.986</b>
Þjónustutekjur .....	1.936	1.307	881	859	820
Þjónustugjöld .....	-405	-331	-297	-243	-214
<b>Hreinar þjónustutekjur</b> .....	<b>1.531</b>	<b>975</b>	<b>584</b>	<b>616</b>	<b>606</b>
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	4.603	10.115	4.366	1.757	1.114
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi .....	-3.259	1.407	597	224	62
Ýmsar rekstrartekjur .....	3.695	284	576	135	38
<b>Aðrar rekstrartekjur</b> .....	<b>5.039</b>	<b>11.806</b>	<b>5.538</b>	<b>2.116</b>	<b>1.214</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b> .....	<b>9.216</b>	<b>15.196</b>	<b>8.347</b>	<b>5.007</b>	<b>3.806</b>
<b>Gjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld .....	-2.398	-1.926	-1.551	-1.299	-1.072
Annar rekstrarkostnaður .....	-2.845	-1.974	-1.433	-1.208	-1.007
Afskriftir .....	-175	-109	-81	-45	-48
<b>Rekstrarkostnaður</b> .....	<b>-5.419</b>	<b>-4.009</b>	<b>-3.065</b>	<b>-2.553</b>	<b>-2.127</b>
Virðisrýrnun útlána .....	-498	-308	-327	-470	-668
Afskrift viðskiptavildar .....	0	0	0	0	-165
<b>Hagnaður fyrir skatta</b> .....	<b>3.299</b>	<b>10.879</b>	<b>4.956</b>	<b>1.984</b>	<b>846</b>
Tekjuskattur .....	-12	-1.869	-863	-355	-42
<b>Hagnaður</b> .....	<b>3.287</b>	<b>9.010</b>	<b>4.092</b>	<b>1.629</b>	<b>804</b>

Frá árinu 2005 hafa ársreikningar SPRON verið gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

**Eignir**

	2007	2006	2005	2004	2003
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	10.332	2.432	2.068	1.540	416
Kröfur á lánastofnanir .....	3.728	7.223	6.294	5.427	3.283
Útlán til viðskiptamanna .....	161.630	128.296	84.950	49.278	37.199
Veltufjáreignir .....	27.508	20.313	8.367	5.953	6.382
Fjáreignir á gangvirði .....	12.666	16.749	7.991	3.290	1.438
Hlutdeildarfélög .....	2.575	4.580	1.647	1.028	804
Óefnislegar eignir .....	1.713	1.675	1.619	1.536	1.505
Rekstrarfjármunir .....	2.060	992	1.016	176	211
Aflögð starfsemi og fastafjármunir til sölu .....	0	105	103	126	343
Aðrar eignir .....	1.983	2.136	874	400	321
<b>Eignir samtals</b> .....	<b>224.196</b>	<b>184.501</b>	<b>114.929</b>	<b>68.754</b>	<b>51.902</b>

**Skuldir**

Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....	8.513	11.524	11.210	7.211	1.050
Almenn innlán .....	85.410	56.592	39.340	35.523	30.180
Veltufjárskuldir .....	725	361	120	111	0
Lántaka .....	89.097	69.642	44.445	16.425	13.117
Víkjandi lán .....	5.433	5.216	3.918	1.924	1.849
Lífeyrisskuldbindingar .....	714	646	559	509	356
Skattskuld .....	2.905	3.013	1.249	469	160
Aðrar skuldir .....	3.639	2.731	1.070	763	565
<b>Skuldir samtals</b> .....	<b>196.435</b>	<b>149.726</b>	<b>101.912</b>	<b>62.935</b>	<b>47.277</b>
Stofnfé .....		19.454	3.961	604	539
Varasjóður .....		15.292	9.055	5.214	4.059
Hlutfé .....	4.877				
Lögbundinn varasjóður .....	1.250				
Óráðstafað eigið fé .....	21.604				
<b>Eigið fé hluthafa / stofnfé og varasjóður samtals</b> .....	<b>27.732</b>	<b>34.746</b>	<b>13.016</b>	<b>5.818</b>	<b>4.598</b>
Hlutdeild minnihluta .....	29	29	1	1	27
<b>Eigið fé samtals</b> .....	<b>27.761</b>	<b>34.775</b>	<b>13.017</b>	<b>5.819</b>	<b>4.625</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b> .....	<b>224.196</b>	<b>184.501</b>	<b>114.929</b>	<b>68.754</b>	<b>51.902</b>

# VIÐSKIPTABANKASTARFSEMI

Viðskiptabankastarfsemin er kjölfestan í starfsemi SPRON og hvílir á áratuga reynslu í að veita þjónustu til einstaklinga, smærri og meðalstórra fyrirtækja. Lögð er áhersla á framsækni og öflugt framboð nýjunga til viðskiptavina og að vera leiðandi í viðskiptabankþjónustu á Íslandi. Fjölgun afkomueininga síðustu ár endurspeglar þessar áherslur. SPRON sparisjóður, Frjálsi fjárfestingarbankinn, Netbankinn og SPRON factor-ing heyrja undir viðskiptabankastarfsemi SPRON.

## SPRON SPARISJÓÐUR

Starfssemi viðskiptabankasviðs SPRON byggir á traustum grunni og hefur SPRON þjónað fjölda einstaklinga og fyrirtækja í þá áratugi sem liðnir eru frá opnun fyrstu skrifstofu SPRON árið 1932.

Mikill vöxtur hefur verið á viðskiptabankastarfsseminni á árinu líkt og hjá öðrum einingum innan SPRON en til marks um það má nefna að innlán útibúanna jukust um 51% á árinu og útlán um 27%.

Útibú SPRON eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu og hafa öll útibú nýlega verið endurnýjuð með það að markmiði að búa sem best að viðskiptavinum og starfsmönnum. Umhverfi þeirra er nútímalegt og er starfsaðstaða til fyrirmyndar. Á árinu var opnað nýtt útibú í Borgartúni samhliða því sem útibúinu í Hátúni var lokað.

Fagleg og vönduð þjónusta hefur ávallt verið aðalsmerki SPRON. Á því sviði hefur náðst framúrskarandi árangur síðustu ár og nægir að benda á niðurstöður íslensku Ánægjuvogarinnar því til stuðnings. Árið 2007 var engin undantekning en þá var einkunn SPRON ein sú allra hæsta hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum. Starfssemi útibúa SPRON snýst fyrst og fremst um að veita persónulega þjónustu og vandaða sérfræðiráðgjöf. Hlutverk annarra þjónustuleiða, svo sem þjónustovers, vefsvæða og heima- og fyrirtækjabanka SPRON, hefur verið í sífelldri þróun síðustu ár og í dag nýta langflestir viðskiptavina SPRON þessar leiðir til að afla sér upplýsinga og sinna daglegum viðskiptum. Til marks um ágæti þessara þjónustuleiða má nefna að sá hópur viðskiptavina SPRON sem býr utan höfuðborgarsvæðisins eða erlendis fer stækkandi.

SPRON býður ekki eingöngu upp á hefðbundna bankaþjónustu heldur einnig tryggingar, lífeyrissparnað, verðbréfaumsýslu og ráðgjöf svo fátt eitt sé nefnt. Þetta er gert í náinni samvinnu við SPRON verðbréf og tryggingafélögin VÍS og Kaupþing Líf. Sala og ráðgjöf spila sífellt veigameiri þátt í starfseminni og á árinu var starfssemi sölusviðsins eflað enn frekar. Markmið sölusviðs er fyrst og

fremst að afla nýrra viðskiptavina og koma til móts við ólíkar þarfir þeirra.

Stefna SPRON er að vera leiðandi í að bjóða fjölbreyttar sparnaðarleiðir bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki þar sem lögð er áhersla á valfrelsi og góð kjör.

Starfssemi viðskiptabankasviðs SPRON skiptist í tvo meginþætti, einstaklingsviðskipti og fyrirtækjaviðskipti þar sem vöru- og þjónustuframboð SPRON til einstaklinga og fyrirtækja er sérnsiðað að þörfum viðskiptavina.

### *Einstaklingsþjónusta*

Á einstaklingssviði aðlagar SPRON vöru- og þjónustuframboði sitt fyrir mismunandi aldursskeið; barna, unglinga, námsmanna, eldra fólks o.s.frv. og innan þessara æviskeiða eru í boði margþættar vöru og þjónustuleiðir. Sem dæmi má nefna sérstaka SPRON Krakka sparnaðarreikninga, Snilldarkort og sparnaðarreikning fyrir unglingana, sérkjara námsmannaþjónustu, einstakar Gull og Platinum þjónustuleiðir og eðaláraþjónustu. Auk almennrar einstaklingsþjónustu hefur SPRON lagt sérstaka áherslu á fjölskylduna og í SPRON Fjölskylduvild er fjölskyldum sem eru með bankaviðskipti sín hjá SPRON umbunað í formi endurgreiðslu, afsláttar og friðinda.

### *Fyrirtækjaþjónusta*

Á fyrirtækjasviði SPRON er markmiðið að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum og félagasamtökum sérhæfða og faglega þjónustu og ráðgjöf. Lykilatriði í samskiptum er sérstakur viðskiptastjóri sem leggur sig fram um að þekkja þarfir viðskiptavinarins. Lögð er áhersla á stuttar boðleiðir og skjóta ákvarðanatöku í einstökum málum sem miða að því að styrkja stöðu viðskiptavinarins í rekstri. Í boði eru sérstakar þjónustuleiðir ætlaðar fyrirtækjum þar sem markmiðið er að koma til móts við mismunandi þarfir fyrirtækja.

## FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Frjálsi fjárfestingarbankinn er eini bankinn á íslenskum fjármálamarkaði sem sérhæfir sig í fasteignalánum og hefur starfsemin vaxið ört á undanförunum árum. Bankinn lánar til fasteignakaupa, allt frá lóðarkaupum og byggingaframkvæmdum til lána til kaupa eða endurfjármögnunar.

Frjálsi fjárfestingarbankinn var stofnaður árið 1982 af kaupfélögum og öðrum samvinnufélögum. Ólíkar áherslur voru í rekstri bankans frá því sem er í dag. Árið 2002 keypti SPRON allt hlutafé í bankanum af Kaupþingi hf. og hefur félagið verið í eigu SPRON síðan.

Á undanförunum árum hefur afkoma bankans verið traust, stígandi hefur verið í útlánum og endanlega tapaðar kröfur verið lágar.

Hagnaður ársins 2007 var alls 1,2 milljarðar króna sem er 74% aukning á hagnaði frá fyrra ári. Niðurstaða efnahagsreiknings var rúmí 70 milljarðar króna í lok árs 2007 og þar af námu útlán til viðskiptavina alls um 64 milljörðum króna. Einstaklingar eru stærsti hluti viðskiptavina bankans eða 67%.


Gæði útlána bankans er hátt sem endurspeglast í lágum afskriftum og litlum vanskilum enda er meginþorri útlána bankans tryggð með veð í fasteign eða 99% allra útlána. Á undanförunum 5 árum hafa endanlega tapaðar kröfur numið að meðaltali 0,16% af útlánasafni árlega og vanskil námu 0,3% af útlánum í lok árs 2007. Markaðshlutdeild bankans í lánum með veð í íbúðarhúsnæði var rúmlega 3,5% í árslok 2007.

## SPRON FACTORING

SPRON factoring er leiðandi í kröfupjónustu (factoring) á Íslandi. Fyrirtækið annast fjármögnun og umsýslu viðskiptakrafna s.s. innheimtu og býður einnig upp á lögfræðilega innheimtu. SPRON factoring býður líka upp á greiðslufallstryggingar sem er skilyrði þess að erlend krafa sé fjármögnuð. Kröfupjónusta er fjármálaþjónusta sem nýtt er af fyrirtækjum sem eiga reikningsviðskipti við önnur fyrirtæki. Þjónusta af þessu tagi hefur lengi verið notuð í Evrópu og Bandaríkjunum og eru íslensk fyrirtæki farin að nýta sér hana í vaxandi mæli. Viðskiptavinir SPRON factoring eru af öllum sviðum atvinnulífsins og starfa bæði á innlendum markaði og eru í útflutningi.

SPRON factoring hóf starfsemi sína árið 2000 en hét þá Midt Factoring og var í eigu Midt Factoring í Danmörku sem er stærsta fyrirtækið í Danmörku á þessu sviði. Í byrjun árs 2006 keypti SPRON 80% hlutafjár í félaginu og breytti um leið nafninu í SPRON factoring hf. Í dag er félagið í meirihlutaeigu SPRON en aðrir eigendur eru Sparisjóðurinn í Keflavík, Icebank og Midt Factoring í Danmörku.

### Útlán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum



## NETBANKINN

Netbankinn er fyrsti og eini bankinn á Íslandi sem er eingöngu starfræktur á Netinu.

Hlutverk Netbankans er að bjóða einstaklingum alla almenna fjármálaþjónustu á Netinu og eftir öðrum rafrænum leiðum. Markmið Netbankans er að veita viðskiptavinum sínum úrvalsþjónustu og er þjónustuframboðið miðað við þarfir einstaklinga. Stefna Netbankans er að bjóða ávallt góð vaxtakjör á innlánnum og útlánnum. Með því að starfa eingöngu á Netinu er Netbankanum kleift að bjóða reikninga og kort með mun hagstæðari vaxtakjörum en aðrir bankar bjóða.

Á árinu fjölgaði viðskiptavinum Netbankans mikið, sérstaklega korthöfum með ABC-kreditkort en Netbankinn hefur verið í samstarfi við ABC-barnahjálp um nokkurra ára skeið. Innlán jukust einnig mikið á árinu eða um 64%.

Netbankinn var opnaður árið 1999. Hann var í upphafi rekinn sem sjálfstæð rekstrareining innan SPRON. Árið 2001 var rekstrarfyrirkomulaginu breytt og Netbankinn-nb.is aðskilinn frá rekstri SPRON og er nú rekinn sem sjálfstætt félag.

## EKORT EHF.

Breytingar urðu á kortastarfsemi SPRON á árinu 2007. SPRON kort, sem var sjálfstæð afkomueining innan SPRON samstæðunnar, var lögð niður og þau kreditkort sem þar voru gefin út færð undir SPRON sparisjóð. E-kortin og e-vildarkortin sem unnið hefur verið í að byggja upp undanfarin fjögur ár tengdust því SPRON með meira afgerandi hætti en verið hafði og tugir þúsunda viðskiptavina e kortsins færðust til einstakra útibúa SPRON.

Síðla árs 2007 var markaðsfyrirtækið Ekortið ehf. stofnað sem sér um rekstur vörumerkisins og tengsl við kaupmenn. Fyrirtækið tryggir korthöfum afsláttartilboð og endurgreiðslutilboð með reglulegum hætti. Félagið er í eigu SPRON og Kaupþings banka að jöfnu. Bæði fyrirtækin verða útgefendur e korta og e vildarkorta og sjá um kynningu og sölu til sinna viðskiptavina. Markmiðið með breytingu er að efla markaðsstarf í tengslum við e-kortið og tryggja með því betri útbreiðslu og meiri sýnileika.

# FJÁRFESTINGABANKASTARFSEMI

Fjárfestingabankastarfsemin er vaxtabroddurinn í starfsemi SPRON og verið er að byggja upp öfluga fjárfestingabankastarfsemi undir nafni SPRON verðbréfa hf.

## SPRON VERÐBRÉF

SPRON verðbréf býður upp á alhliða verðbréfaþjónustu og fjárfestingaráðgjöf. Félagið sérhæfir sig í að veita faglega og persónulega ráðgjöf á sviði fjárfestinga og býður fjölmargar þjónustuleiðir. Verðbréfaþjónusta er einn af lykilmargar starfseminnar og býður fyrirtækið upp á margvíslega verðbréfasjóði sem hafa skilað góðum árangri og voru þrír sjóðir sem gáfu bestu ávöxtun sambærilegra sjóða á íslenskum hlutabréfamarkaði árið 2007. Verðbréfasjóðirnir stækkuðu úr 20 milljörðum í lok árs 2006 í 36 milljarða í lok árs 2007. SPRON verðbréf býður einnig upp á eignastýringu, lífeyrissparnað auk verðbréfamiðlunar.


SPRON verðbréf hóf starfsemi sína árið 2006 sem sjálfstætt dótturfélag SPRON. Stefna SPRON er að auka vægi þjónustutekna í tekjum félagsins og var stofnun SPRON verðbréfa liður í því að styrkja þennan þátt starfseminnar enn frekar. Það hefur gengið vel og hafa þjónustutekjur vaxið jafnt og þétt á árinu.

Fyrirtækjaráðgjöf SPRON verðbréfa hafði umsjón með ýmsum verkefnum á árinu sem tengjast minni og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi. Stærsta verkefnið á árinu var sala á meirihluta hlutafjár í Icebank til hóps fjárfesta. Annað helsta verkefni ársins voru fjárfestingar í fasteignaverkefnum í Berlín fyrir um sex milljarða króna. Um langtímaverkefni er að ræða og í kjölfar þess var opnuð skrifstofa í Berlín sem hefur umsjón með verkefninu og sinnir fyrirtækjaráðgjöf.

## EIGIN FJÁRFESTINGAR

Sveiflur á fjármálamarkaði bæði héraendis og erlendis settu mark sitt á fjárfestingar á árinu. Um mitt ár náði Úrvalsvísitalan sínu hæsta gildi frá upphafi eða 9.016 stigum og hafði hækkað um 40% frá lok árs 2006. Um miðjan júlí varð hins vegar viðsnúningur og fór hlutabréfaverð lækkandi. Gekk öll hækkun ársins til baka á síðari hluta ársins en í lok árs 2007 hafði Úrvalsvísitalan lækkað um 1,4% frá 2006.

## Fjárfestingastarfsemi 42,9 milljarðar króna




Heildareignir SPRON í fjárfestingum eru 42,9 milljarðar króna eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Þar af eru fjáreignir á gangvirði samtals 12,7 milljarðar króna. Af fjáreignum á gangvirði nam bein eign SPRON í Existá um 6,7 milljörðum króna eða 15,6% af heildarfjárfestingum SPRON. Stærsta einstaka eign SPRON var í Existá (áður Meiður) en SPRON var ásamt nokkrum sparissjóðum stofnandi félagsins. Existá var stofnað utan um eignarhald sparissjóðanna í Kaupþingi og við stofnun var SPRON stærsti eigandi þess með 41,2% eignarhlut en á árinu 2002 urðu miklar breytingar á félaginu þegar Bakkabræður Holding, félag í eigu bræðranna Ágúst og Lýðs Guðmundssona keyptu 55% hlut. Bein eign SPRON í Existá var 3,23% við lok árs 2007. Óskráðar eignir 11,4% eru s.s. ýmis óskráð hlutabréf, fasteigna fjárfestingar og fleira. Meðal óskráðra eigna er Icebank en á árinu var 19,4% hlutur í Icebank seldur og eftir sölnu á SPRON 5,2% í bankanum.

Veltufjáreignir námu 27,5 milljörðum króna og þar af eru innlend hlutabréf og sjóðir 24,5%, erlend hlutabréf og sjóðir 10% og skuldabréf 28,2%. Meginhluti skuldabréfa SPRON eru ríkisskuldabréf bæði innlend og erlend. Hlutdeildarfélag nema 2,6 milljörðum króna og meðal hlutdeildarfélag SPRON, er Kista sem SPRON á 48,4% hlut í á móti nokkrum sparissjóðum, en Kista á 8,9% hlut í Existá. Önnur hlutdeildarfélag eru t.d. Teris, Reiknistofa bankanna og fleiri félag.

**Ágústa Hjaltadóttir, verkefnastjóri.**

SPRON leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð. Ágústa er ein af fjölmörgum starfsmönnum sem hafa tekið þátt í starfi Rauða kross Íslands fyrir hönd SPRON en starfsmenn félagsins eru í varaliði Rauða krossins.









# MANNAUÐURINN

## STARFSMANNASTEFNA

Velgengni SPRON hvílir á hópi af hæfum, áhugasömum og metnaðarfullum starfsmönnum. Starfsmenn byggja upp starfsframa sinn innan fyrirtækisins sem býður upp á hvetjandi starfsumhverfi og tryggir að einstaklingar fái notið sjálfstæðis og ábyrgðar í starfi.


Lykillinn að starfsframa og starfsöryggi hvers einstaklings er framlag og framtak hans sjálfs. Með öflugum símenntunar- og fræðslustarfi stuðlar SPRON að faglegum þroska í starfi og möguleika á starfsþróun við hæfi. Lögð er áhersla á góðan starfsanda og sterka liðsheild. Mikilvægt er að starfsmenn beri virðingu fyrir hæfileikum hvers og eins innan fyrirtækisins, þar sem hver einstaklingur hefur mikilvægu hlutverki að gegna.

Starfsmenn SPRON vinna eftir gildunum:  
*traust – frumkvæði – árangur.*

## STARFSMANNAFJÖLDI

Stöðugildi SPRON samstæðunnar í lok árs 2007 voru 286. Fjölgun starfsmanna árið 2007 var 41 stöðugildi eða 17%, en það er í samræmi við þann mikla vöxt sem orðið hefur hjá fyrirtækinu. Fjölgun stöðugilda var nánast eingöngu hjá afkomusviðum fyrirtækisins en stöðdeildarstarfsemin helst svo til óbreytt milli ára.

### Starfsmannafjöldi



## MENNTUN

Menntunarstig starfsmanna hefur hækkað verulega á síðustu árum. Árið 2007 var hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna um 55% en það var rúm 10% árið 1999.

Mikil áhersla er lögð á að efla og viðhalda þekkingu starfsmanna SPRON til að tryggja stöðuga þróun og nýtingu á þeim tækifærum sem bjóðast á markaðinum. Árið 2007 var fjöldi klukkustunda í fræðslu og endurmenntun starfsmanna að meðaltali 13 á hvert stöðugildi.

## STARFSÁNÆGJA

Til að laða að, efla og halda í framúrskarandi starfsfólk er lögð áhersla á að innra umhverfi fyrirtækisins sé með allra besta móti. Starfsfólk SPRON metur sjálft þessa þætti í vinnustaðargreiningu sem framkvæmd er árlega.

Í niðurstöðum vinnustaðargreiningar 2007 kom í ljós að starfsfólk SPRON metur þætti í innra umhverfi SPRON með því hæsta sem gerist hjá íslenskum fyrirtækjum og þar með talið öðrum fjármálafyrirtækjum.

## STEFNA OG ÁÆTLUN GEGN EINELTI Á VINNUSTAÐ


Árið 2007 setti SPRON fram sérstaka stefnu og aðgerðaráætlun gegn einelti á vinnustað. Markmiðið með þeirri vinnu er að fræða og upplýsa starfsmenn um allar hliðar eineltis og kynna hvaða úrræði eru í boði ef slík mál koma upp hjá SPRON. Námskeið voru haldin í kjölfarið þar sem stefnan og aðgerðaráætlunin var kynnt ítarlega og starfsmenn fengu almenna fræðslu um einelti.

### Vinnustaðgreining 2007

	SPRON	Fjármála-fyrirtæki	Önnur fyrirtæki
Starfsánægja	4.4	4.3	4.2
Starfsandi	4.3	4.2	4.1
Upplýsingastreymi	4.3	3.7	3.4
Umboð til athafna	4.3	4.0	3.9
Tækifæri til að þróast í starfi	4.2	4.0	3.8

Heimild: Vinnustaðgreining Capacent fyrir SPRON, nóvember 2007.

# SAGAN





SPRON flutti af Hverfisgötu 21 árið 1968.

**1968**

SPRON flytur á Skólavörðustíg 11.

**1984**

Sparisjóðurinn Pundið sameinast SPRON.

**1983**

Fyrsta útibúið opnað á Seltjarnarnesi.

**1984**



Aðalfundur 28. apríl 1984. Hér má sjá nokkur þekkt andlit. í fyrstu röð eru t.d. Ingi Ú. Magnússon, þáverandi gathamástjóri, og Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri.

**1985**



Starfsfólk í jólaskapi 1985.

**2006**

SPRON verðbréf stofnað.



Starfsmenn SPRON verðbréfa við stofnun árið 2006.

**2007**

SPRON breytt í hlutfélag.

**2007**


SPRON skráð í Kauphöllina.



Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri, nú forstjóri, á aðalfundi SPRON 2007.

**Örn Viðar Skúlason, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar.**

Emmessís var einn af viðskiptavinum Fyrirtækjaráðgjafar SPRON á árinu. Fyrirtækjaráðgjöf er vaxandi þáttur í starfsemi SPRON og er sérstök áhersla lögð á ráðgjöf til smærri og meðalstórra fyrirtækja.









# EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda á ársreikninginn .....	48
Áritun áháðs endurskoðenda .....	49
Rekstrarreikningur .....	50
Efnahagsreikningur .....	51
Eiginfjárfirlit .....	52
Sjóðstremisýfirlit .....	53
Almennar upplýsingar .....	54
Mikilvægar reikningsskilaaðferðir .....	55
Starfspáttayfirlit .....	66
Skýringar við rekstrarreikning .....	67
Skýringar við efnahagsreikning .....	70
Liðir utan efnahagsreiknings .....	80
Áhættustýring .....	82
Ársfjórðungsyfirlit .....	90

# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og dótturfélaga hans, saman vísað til sem SPRON. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Þann 19. september samþykkti Fjármálaeftirlitið að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis uppfyllti öll lögformleg skilyrði til breytinga í hlutafélag frá og með 1. apríl 2007. Þegar um samruna er að ræða milli félaga undir sömu yfirráðum er heimilt að flytja eignir og skuldir til hins nýja félags á bókfærðu verði eins og það var birt í síðasta árshlutareikningi sparisjóðsins og gildir það einnig um samanburðartölur og var yfirfærslan gerð með þeim hætti.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2007 að fjárhæð 3.287 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé þess í árslok nam 27.761 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 13,4% hjá samstæðunni. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn félagsins leggur til að helmingur hagnaðar eftir skatta, eða 1.643 millj. kr. verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2008 vegna ársins 2007. Arðgreiðslan nemur 32,8% af nafnverði hlutafjár. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins. Í árslok var hlutfé félagsins 4.877 millj. kr. Hluthafar voru 2.213 í árslok og fjölgaði um 1.022 á árinu. Í árslok átti einn hluthafi yfir 10% eignarhlut í félaginu en það er SPRON - sjóðurinn ses en hann átti 14,6% hlutafjár.

Samkvæmt samþykktum félagsins nemur hlutfé þess 5.004 millj. kr. og skiptist það í jafn marga einnar krónu hluti sem eru allir í sama flokki og allir jafn rétt háir en félagið á sjálft eigin hluti að nafnverði 127 millj. kr. Hlutféð er skráð í Kauphöll Íslands (Nordic Exchange á Íslandi). Stjórnin hefur heimild til þess að auka hlutfé félagsins um allt að 500 millj. kr. með útgáfu og sölu nýrra hluta og hafa núverandi hluthafar fallið frá forkaupsrétti. Fyrir liggur heimild um að félaginu er heimilt að kaupa allt að 10% af útgefnu hlutfé og skal verðið vera innan 10% fráviks frá markaðsverði. Samkvæmt kaupréttaráætlun starfsmanna sem tók gildi 28. desember 2007 hafa starfsmenn félagsins heimild til að kaupa hlutfé að nafnverði allt að 195 millj. kr. á næstur þremur árum á genginu 10,16 til 11,20 að því gefnu að þeir séu starfandi hjá félaginu frá þeim degi að kaupréttaráætlunin var samþykkt og þar til kauprétturinn verður virkur. Nánari skýring á kaupréttaráætluninni er í skýringu 90.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3-hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

## YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2007, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla og yfirlýsing stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri SPRON staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. febrúar 2008

### Stjórn

Hildur Pedersen  
formaður

Erlendur Hjaltason  
Gunnar Þór Gíslason

Ari Bergmann Einarsson  
Ásgeir Baldurs

### Forstjóri

Guðmundur Hauksson

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf.

## INNGANGUR

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og dótturfélaga („samstæðan“) fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## ÁLIT

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2007, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 6. febrúar 2008

**KPMG HF.**

Sigurður Jónsson

# REKSTRARREIKNINGUR

fyrir árið 2007

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	2007 1.1.-31.12	2006 1.1.-31.12
Vaxtatekjur .....		20.931.558	14.537.299
Vaxtagjöld .....		(18.286.041)	(12.122.768)
<b>Hreinar vaxtatekjur</b> .....	38	2.645.517	2.414.531
Þjónustutekjur .....		1.936.423	1.306.707
Þjónustugjöld .....		(405.359)	(331.395)
<b>Hreinar þjónustutekjur</b> .....	39	1.531.064	975.312
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	40-43	4.602.611	10.115.359
Hlutdeild í (tapi) hagnaði hlutdeildarfélagi .....	67	(3.258.652)	1.406.732
Ýmsar rekstrartekjur .....	44	3.695.355	284.405
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals</b> .....		5.039.314	11.806.496
<b>Hreinar rekstrartekjur</b> .....		9.215.895	15.196.339
Laun og launatengd gjöld .....	46	(2.398.487)	(1.926.098)
Annar rekstrarkostnaður .....		(2.844.927)	(1.974.238)
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	68-69	(175.307)	(108.871)
<b>Rekstrargjöld samtals</b> .....		(5.418.721)	(4.009.207)
Virðisýrnum útlána .....	58-61	(498.402)	(308.347)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b> .....		3.298.772	10.878.785
Tekjuskattur .....	49	(12.124)	(1.868.503)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		3.286.648	9.010.282
<i>Tilheyrandi</i>			
Hluthöfum .....		3.281.227	9.010.074
Minnihluta .....		5.421	208
		3.286.648	9.010.282
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður á hlut .....	50	0.6577	-
Þynntur hagnaður á hlut .....	50	0.6574	-

Skýringar á bls. 10-42 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# EFNAHAGSREIKNINGUR

31. desember 2007

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir	Skýr.	2007	2006
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	52	10.332.327	2.431.770
Kröfur á lánastofnanir .....	53-54	3.727.837	7.222.687
Útlán til viðskiptamanna .....	55-61	161.629.502	128.295.508
Veltufjáreignir .....	62-64	27.507.593	20.313.026
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	65	12.666.423	16.748.891
Hlutdeildarfélag .....	67	2.575.186	4.580.324
Rekstrarfjármunir .....	68	2.060.442	992.188
Óefnislegar eignir .....	69	1.713.253	1.675.490
Aðrar eignir .....	70	1.982.956	2.240.660
<b>Eignir samtals</b> .....		<b>224.195.519</b>	<b>184.500.544</b>
<b>Skuldir</b>			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....	71	8.513.472	11.523.899
Almenn innlán .....	72	85.410.286	56.592.406
Veltufjárskuldir .....	73	724.862	360.850
Lántökur .....	74-75	89.096.537	69.642.032
Víkjandi lán .....	76	5.432.501	5.216.371
Lífeyrisskuldbinding .....	77	714.183	646.411
Skattskuld .....	78-80	2.904.543	3.012.594
Aðrar skuldir .....	81	3.638.582	2.731.076
<b>Skuldir samtals</b> .....		<b>196.434.966</b>	<b>149.725.639</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		4.877.279	0
Lögbundinn varasjóður .....		1.250.000	0
Óráðstafað eigið fé .....		21.604.328	0
Stofnfé .....		0	19.453.815
Varasjóður .....		0	15.292.045
<b>Eigið fé hluthafa</b> .....	82	<b>27.731.607</b>	<b>34.745.860</b>
Hlutdeild minnihluta .....		28.946	29.045
<b>Eigið fé samtals</b> .....		<b>27.760.553</b>	<b>34.774.905</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b> .....		<b>224.195.519</b>	<b>184.500.544</b>

Skýringar á bls. 10-42 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# EIGINFJÁRYFIRLIT

fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2007

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

<b>Breytingar á eigin fé 1.1.-31.12.2007:</b>	<b>Stofnfé</b>	<b>Varasjóður</b>	<b>Samtals</b>	<b>Hlutdeild minnihluta</b>	<b>Eigið fé Samtals</b>
Eigið fé 1. janúar 2007 .....	3.960.503	9.055.476	13.015.979	1.232	13.017.211
Hagnaður ársins .....		9.010.074	9.010.074	208	9.010.282
Arðgreiðslur .....		(1.980.343)	(1.980.343)		(1.980.343)
Útgefið nýtt stofnfé .....	14.700.150		14.700.150		14.700.150
Breytingar á hlutdeild minnihluta .....				27.605	27.605
Endurmat á stofnfé .....	793.162	(793.162)			
Eigið fé 31. desember 2007 .....	19.453.815	15.292.045	34.745.860	29.045	34.774.905

## **Breytingar á eigin fé 1.1.-31.3.2007:**

Eigið fé 1. janúar 2007 .....	19.453.815	15.292.045	34.745.860	29.045	34.774.905
Hagnaður tímabilsins .....		4.689.883	4.689.883	17	4.689.900
Arðgreiðslur .....		(8.948.716)	(8.948.716)		(8.948.716)
Endurmat á stofnfé .....	1.041.770	(1.041.770)			
Eigið fé 31. mars 2007 .....	20.495.585	9.991.442	30.487.027	29.062	30.516.089

<b>Breytingar á eigin fé vegna breytingar í hlutfélag:</b>	<b>Hlutfé</b>	<b>Lögbundinn varasjóður</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Stofnfé</b>	<b>Varasjóður</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 31. mars 2007 .....				20.495.585	9.991.442	30.487.027
Breyting SPRON í hlutfélag .....	5.000.000	1.250.000	24.237.026	(20.495.585)	(9.991.442)	0
Eigið fé 1. apríl 2007 .....	5.000.000	1.250.000	24.237.026	0	0	30.487.027

<b>Breytingar á eigin fé 1.4.-31.12.2007:</b>	<b>Hlutfé</b>	<b>Lögbundinn varasjóður</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>	<b>Hlutdeild minnihluta</b>	<b>Eigið fé Samtals</b>
Eigið fé 1. apríl 2007 .....	5.000.000	1.250.000	24.237.026	30.487.026	29.062	30.516.088
Keypt eigin bréf .....	(122.721)		(1.224.042)	(1.346.763)		(1.346.763)
Breytingar á hlutdeild minnihluta ...					(5.520)	(5.520)
Tap tímabilsins .....		(1.408.656)	(1.408.656)	5.404	(1.403.252)	
Eigið fé 31. desember 2007 .....	4.877.279	1.250.000	21.604.328	27.731.607	28.946	27.760.553

Skýringar á bls. 10-42 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

fyrir árið 2007

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
Hagnaður fyrir skatta .....	3.298.772	10.878.785
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</i>		
Verðbætur og gengismunur .....	(1.644.532)	(693.079)
Hlutdeild í (tapi) hagnaði hlutdeildarfélagi .....	3.258.652	(1.406.732)
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélagi .....	(3.089.838)	0
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....	(20.389)	(168.090)
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	86.426	68.604
Afskriftir óefnislegra eigna .....	88.881	40.268
Virðisrýrnun útlána .....	498.402	308.347
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>		
Veltufjáreignir .....	(7.194.567)	(10.971.005)
Útlán og kröfur .....	(28.950.825)	(40.988.390)
Fjáreignir á gangvirði .....	4.909.476	(8.734.319)
Aðrar eignir .....	217.954	(1.261.626)
Innlán .....	25.807.453	16.432.153
Veltufjárskuldir .....	364.012	0
Lántaka .....	20.134.141	25.196.682
Lífeyrisskuldbinding .....	67.772	86.982
Skattskuld .....	12.124	1.868.503
Aðrar skuldir .....	889.959	(1.661.231)
Greiddur tekjuskattur .....	(120.176)	(109.328)
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar .....</b>	<b>18.613.697</b>	<b>(11.113.476)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>		
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum .....	(5.176.443)	(1.526.992)
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé .....	0	(59.500)
Söluverð hlutdeildarfélagi .....	6.185.760	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(218.685)	(73.895)
Söluverð óefnislegra eigna .....	157.750	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(1.166.754)	(174.912)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	6.503	367.236
<b>Fjárfestingarhreyfingar .....</b>	<b>(211.869)</b>	<b>(1.468.063)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Tekin víkjandi lán .....	0	1.885.750
Endurgreidd víkjandi lán .....	(43.073)	(1.056.976)
Seld stofnfjárbréf .....	0	14.700.150
Keypt eigin hlutabréf .....	(1.346.761)	0
Arðgreiðslur .....	(8.948.716)	(1.980.343)
<b>Fjármögnunarhreyfingar .....</b>	<b>(10.338.550)</b>	<b>13.548.581</b>
Hækkun á handbæru fé .....	8.063.278	967.042
Handbært fé í ársbyrjun .....	4.372.984	3.405.942
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>12.436.262</b>	<b>4.372.984</b>

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

## Almennar upplýsingar

### 1. Upplýsingar um SPRON

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. („félagið“) er starfandi og staðsettur á Íslandi. Félagið er með höfuðstöðvar við Ármúla 13a, Reykjavík. Þann 19. september samþykkti Fjármálaeftirlitið að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis uppfyllti öll lögformleg skilyrði til breytinga í hlutafélag frá og með 1. apríl 2007 og frá og með þeim degi fluttust yfirráð á eignum og skuldum til hins nýja félags á bókfærðu verði eins og það var birt í síðasta árs hlutareikningi félagsins og gildir það einnig um samanburðartölur. Samstæðureikningur ársins 2007 hefur að geyma ársreikning Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. og dótturfélaga hans, sameiginlega vísað til sem SPRON.

Hlutverk SPRON er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Þjónusta félagsins felur í sér almenna bankaþjónustu, verðbréfaþjónustu og eignastýringu.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

#### a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. heimilaði birtingu ársreiknings samstæðunnar 6. febrúar 2007.

#### b) Matsaðferðir

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að:

- Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði
- Fjármálagerningar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði,

Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 103.

#### c) Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

#### d) Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa verulega áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 35.



## Mikilvægar reikningskilaaðferðir

Reikningskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.

### 3. Grundvöllur samstæðu

#### a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Yfirráð eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir meira en helmingi atkvæðaréttar dótturfélagsins. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningskil dótturfélaga eru innifalin í reikningskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða yfirteknar eru og útgefinna eiginfjárgerninga á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður til tekna í rekstrarreikningi.

#### b) Rekstur verðbréfa- og fjárfestingasjóða

Meðal starfsemi samstæðunnar er rekstur verðbréfa- og fjárfestingasjóða. Ársreikningar þessara sjóða eru ekki hluti af samstæðureikningi þessum nema þegar samstæðan fer með yfirráð yfir sjóði. Upplýsingar um sjóði í vörslu samstæðunnar má finna í skýringu 84.

#### c) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystar tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögnum. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisyrnunar fjárfestinganna.

### 4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Ópeningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Ópeningalegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar í íslenskar krónur á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

### 5. Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er. Fjárfesting í hlutdeildarfélagum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar í hlutdeildarfélagi felur í sér viðskiptavild sem skilgreind er við kaup.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélagum er skráð sem eign til sölu er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og eignin er færð á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði hvort sem lægra reynist.

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

## 6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

- Vextir sem reiknast á fjáreignir og skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði miðast við virka vexti.
- Vextir sem reiknast á veltufjáreignir og skuldir og á fjáreignir sem metnar eru á gangvirði á rekstrargrunni.

Vaxtatekjur og gjöld af öllum veltufjáreignum og skuldum eru talin vera tilfallandi í veltuviðskiptum samstæðunnar og eru birt saman ásamt öllum gangvirðisbreytingum á veltufjáreignum og skuldum í heildarveltuviðskiptum.

Gangvirðisbreytingar annarra afleiða í áhættustjórnun og annarra fjáreigna og skulda á gangvirði í rekstrarreikningi eru birtar í hreinum tekjum af öðrum fjármálagerningum á gangvirði í rekstrarreikningi.

## 7. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem þeir greiða fyrir. Meðal þessara tekna eru tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta, auk annarra tekna. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknarir vegna árangurstengdrar þjónustu eru færðar þegar forsendur fyrir árangurstengingunni eru uppfylltar.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem samstæðan kaupir. Þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

## 8. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum, hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði, arðstekjur og gjaldeyrismun og allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar, arð og breytingar á gjaldeyrismun.

### *Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum*

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér hagnað og tap af veltufjáreignum og veltufjárskuldum og allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar, arð og breytingar á gjaldeyrismun.

### *Hreinar tekjur af öðrum fjármálagerningum á gangvirði*

Hreinar tekjur af öðrum fjármálagerningum á gangvirði lúta að óviðurkenndum afleiðusamningum í áhættustjórnun og fjáreignum og skuldum á gangvirði í rekstrarreikningi, og taka til allra innleystra og óinnleystra gangvirðisbreytinga, vaxta, afleiða og gengisbreytinga.

### *Arðstekjur*

Arðstekjur eru færðar þegar réttindin til móttöku þeirra skapast.

## 9. Virðisrýrnun fjáreigna

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en veltufjáreigna og fjáreigna tilgreindra á gangvirði, er yfirfarið á hverjum reikningsskiladegi til að ákvarða hvort hlutlægar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef hlutlægar vísbendingar eru um slíkt er endurheimtanlegt verðmæti eignarinnar áætlað.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar hennar verður herra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

### a) *Virðisrýrnun útlána*

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstaka lán og hins vegar á tiltekin lánasöfn. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felast í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- umtalsverðir fjárhagsórðugleikar lántakanda;
- samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;

- (iii) samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir fjárhagslega eign vegna fjárhagsvandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflakki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt lækkun verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
  - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum; eða
  - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

#### *Mat einstakra útlána*

Virðisrýrnun á einstökum lánum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfalli fyrir sig. Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til:

- heildaráhættu samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæða og tímasetningu væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegum greiðslum til samstæðunnar við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegum frádrætti kostnaðar við innheimtu útstandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfærð verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávöxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í sérstakan afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

#### *Mat á söfnum útlána*

Þar sem lán hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána sem hafa rýrnað að virði á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til:

- framtíðarsjóðstreymis lánasafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- sögulegrar tapreynslu í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaðs tíma frá því virðisrýrnun varð þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftareikning;
- mats stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingar á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun milli áætlaðs og raunverulegs taps.

#### *Endanlegar afskriftir*

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

#### *Bakfærsla virðisrýrnunar*

Ef virðisrýrnun minnkar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýrnunin var færð í rekstrarreikning, þá er áður færð virðisrýrnun bakfærð í rekstrarreikningi.

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

## *Fullnustueignir*

Fastafjármunir sem fengnir eru vegna fullnustu krafna eru skráðir sem fastafjármunir til sölu og færðar í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvoru sem lægra reynist. Ekki eru reiknaðar afskriftir af fastafjármunum til sölu. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkanir á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, eru færðar á rekstrarreikning, að því marki sem þær eru ekki umfram heildarvirðisrýrnun.

## b) Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð af fjárfestingum samstæðunnar í fjáreignum sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru reiknaðar sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint gangvirði eða notkunarvirði þeirra, hvort sem hærra er. Þegar notkunarvirði er metið, er framtíðarsjóðstreymi núvirt með ávöxtunarkröfu fyrir skatt, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og þá áhættu sem fylgir eigninni. Þegar um er að ræða eign sem skapar ekki mikið sjálfstætt sjóðstreymi er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

## 10. Virðisrýrnun viðskiptavildar

Bókfært verð viðskiptavildar er metið á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar er framkvæmt árlega.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð fjárskapandi eininga er umfram endurheimtanlega fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi hópur eigna sem skapar handbært fé og er sjálfstæður frá öðrum eignum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild sem tengist fjárskapandi einingu og síðan hlutfallslega til lækkunar á öðrum eignum hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingar er nýtingarvirði hennar eða hreint söluverð hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði eignar eða fjárskapandi einingar.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

## 11. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

## 12. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé í efnahagsreikningi er fært með áföllnum vöxtum.

### 13. Útlán og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá gerninga sem samstæðan tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem samstæðan veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem samstæðan tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og samstæðan hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

### 14. Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru aðallega keyptar til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum. Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði.

Veltufjáreignir eru metnar á gangvirði. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning í liðinn hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum. Vaxta- og arðstekjur af þessum eignum eru færðar meðal vaxtatekna og arðstekna í rekstrarreikningi. Veltufjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega flokkun.

### 15. Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á undirliggjandi þætti (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar upphaflegrar fjárfestingar miðað við gerð annarra sambærilegra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðsþáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Samstæðan notar afleiðusamninga til að hagnast á skammtímaverðbreytingum og til að verjast fjárhagslegri áhættu. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem vextir og gengismunur. Vextir eru færðir á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal veltufjáreigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal veltufjárskulda.

Innbyggðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum sem þeir eru hluti af og samningarnir eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrð í skýringu 17.

### 16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Samstæðan tilgreinir ákveðnar fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði þegar að sú tilgreining skilar betri upplýsingum, þar með talið til lykilstjórnenda samstæðunnar. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning.

### 17. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er áanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst er við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmátslíkón. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

Þegar framkvæmd eru viðskipti eru fjármalagerningar metnir í upphafi á gangvirði. Markaðsverð eru álitin besta vísbending um gangvirði, jafnvel þó að virði samkvæmt matslíkönum sé ólíkt markaðsverðum. Ef mismunur er á milli gangvirði vegna matsaðferðar er hann færður í rekstrarreikning eftir aðstæðum hverju sinni og ekki seinna en þegar markaðsupplýsingar verða sýnilegar.

## 18. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármunir eru afhentir lántakanda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar samstæðan hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar samstæðan verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding samstæðunnar er gerð upp með greiðslu, skuldareigandi fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

Samstæðan gerir viðskipti þar sem bókfærðar eignir í efnahagsreikningi eru yfirfærðar en haldið er eftir annaðhvort að hluta eða að öllu leyti áhættu og ávinningi af þeim. Ef allri eða nær allri áhættu og ávinningi er haldið eftir þá er færslu yfirfærðar eignar í efnahagsreikningi ekki hætt. Yfirfærsla eigna þar sem haldið er eftir allri eða næstum allri áhættu og ávinningi samanstendur til dæmis af verðbréfalánveitingum og endurkaupum.

Þau réttindi og skyldur sem haldið er eftir við yfirfærslu eru færð hver fyrir sig sem eignir og skuldir eftir því sem við á. Við yfirfærslu þar sem yfirráðum yfir eigninni er haldið eftir heldur samstæðan áfram að færa eignina að því leyti sem aðildin nær áfram til og á grundvelli umfangs áhrifa vegna virðisbreytingar yfirfærðar eignar.

Í vissum viðskiptum heldur samstæðan eftir réttindum til að veita þjónustu til yfirfærðar fjáreignar gegn endurgjaldi. Hætt er færslu yfirfærðar eignar að öll leyti ef hún uppfyllir öll viðeigandi skilyrði sem gilda þar um. Eign eða skuld er færð að því er lýtur að þjónusturéttindum eftir því hvort þjónustugjaldið sé nægilega hátt til að það nái að bæta upp kostnað vegna þjónustunnar (eign) eða hvort það sé of lágt þannig að það nái ekki að bæta upp kostnað vegna þjónustunnar (skuld).

## 19. Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Tekjum og gjöldum er einungis jafnað saman þegar reikningsskilareglur leyfa það. Jafnframt er hagnaði og tapi jafnað saman þegar uppruninn er frá svipuðum viðskiptum eins og viðskiptum með veltufjáreignir.

## 20. Sölu- og endurkaupasamningur

Sölu- og endurkaupasamningar eru samningar um sölu og endurkaup verðbréfa með þeim skilmálum að verðbréfin eru keypt aftur á fyrirfram ákveðnum degi og verði. Kaup- og endursölusamningar eru samningar um kaup og endursölu verðbréfa með þeim skilmálum að verðbréfin eru seld aftur á fyrirfram ákveðnum degi og verði. Fengið handbært fé í upphafi ásamt áföllnum vöxtum er fært í efnahagsreikning sem innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka. Greitt handbært fé í upphafi ásamt áföllnum vöxtum er fært sem kröfur á lánastofnanir. Áfallnir vextir eru færðir sem vaxtagjöld eða vaxtatekjur á líftíma hvers samnings.

Í tilviki sölu- og endurkaupasamninga eru yfirráð yfir verðbréfunum áfram hjá samstæðunni á samningstímanum og verðbréfin eru áfram færð í efnahagsreikning sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði.

## 21. Leigusamningar

Samstæðan flokkar leigusamninga byggt á því hvort áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á hinni leigðu eign, eru efnislega færð yfir til samstæðunnar eða ekki. Fjármögnunarleigusamningur er leigusamningur þar sem áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á eigninni, eru efnislega færð yfir til leigutakans. Rekstrarleigusamningur er hvers konar leigusamningur sem ekki telst fjármögnunarleigusamningur.

Leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningi þar sem samstæðan er leigutaki eru gjaldfærðar línulega á líftíma leigusamningsins.

## 22. Óefnislegar eignir

a) *Viðskiptavild*

Sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað eftir 1. janúar 2004 eru færðar samkvæmt kaupaðferðinni. Viðskiptavild er færð við kaup á dótturfélögum. Í sameiningum sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við sameiningarnar og gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem keyptar eru.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er tengd fjárskapandi einingum og er ekki lengur afskrifuð, en árlega er gert virðisrýrnunarpróf vegna hennar.

b) *Aðrar óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild, eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og afskriftum.

c) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til síðar vegna óefnislegra eigna er eignfærður ef hann eykur virði eignarinnar. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

d) *Afskriftir*

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Viðskiptavild með óskilgreindan líftíma er metin á kerfisbundin hátt á reikningsskiladegi. Aðrar óefnislegar eignir eru afskrifaðar frá þeim tíma sem þær eru notkunarhæfar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður ..... 3 ár

## 23. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar .....	20-50 ár
Innréttingar .....	5 ár
Áhöld og tæki .....	3-5 ár
Bifreiðar .....	6 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega.

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

---

## 24. Fastafjármunir til sölu - fullnustueignir

Eignir og skuldir í eignasamstæðum til sölu eru færðar í samræmi við mats- og skráningarreglur viðeigandi reikningsskilastaðals. Við upphaflega flokkun sem eign til sölu, eru fastafjármunir og eignasamstæður til sölu færð á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvoru sem lægra reynist. Virðisrýrnun sem myndast við upphaflega flokkun sem fastafjármunur eða eignasamstæða til sölu er færð í rekstrarreikning. Hækkun gangvirðis að frádregnum sölukostnaði á síðari uppgjörsdögum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á bókfærðu verði eigna eða eignasamstæðu að svo miklu leyti sem hækkunin fer ekki umfram þá virðisrýrnun sem áður var gjaldfærð vegna viðkomandi eigna eða eignasamstæða.

## 25. Innlán

Innlán eru upphaflega færð á gangvirði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

## 26. Veltufjárskuldir

Veltufjárskuldir samanstanda af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði.

## 27. Lántökur

Lántökur samstæðunnar eru einkum útgefin skuldabréf og lán frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántöku.

## 28. Víkjandi lán

SPRON hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli. Annars vegar er um að ræða skuldabréf sem eru án gjalddaga og óheimilt er að greiða upp fyrir en 2011. Bréfin teljast til eiginfjárþáttar A. Hins vegar eru skuldabréf sem endurgreiðast á næstu 8 árum. Uppgreiðsla víkjandi lána er alltaf háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Víkjandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Víkjandi lán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði víkjandi lána.

## 29. Fjárhagslegar ábyrgðir

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að endurgreiða tiltekna fjárhæð til handhafa ábyrgðar vegna taps sem hann verður fyrir þegar skuldari getur ekki staðið í skilum á gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagernings.

Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða eru upphaflega færðar á gangvirði og er gangvirði fært í rekstrarreikning á áætluðum líftíma samningsins. Samningurinn er síðan bókfærður hvoru sem hærra reynist, upphaflegt gangvirði, að teknu tilliti til tekjufærðra þóknana, eða núvirði væntra greiðslna, þegar greiðsla vegna ábyrgðar er líkleg. Fjárhagslegar ábyrgðir eru færðar í efnahagsreikning meðal annarra skulda.

## 30. Starfsmannatengdar greiðslur

### a) Greiðslur í lífeyrissjóð

Samstæðan greiðir mótframlög í lífeyrissjóði vegna starfsmanna samstæðunnar og eru þau færð í rekstrarreikning sem laun og launatengd gjöld þegar þau falla til.



b) *Lífeyrisskuldbinding*

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlauna er núvirði skuldbindingarinnar á uppgjörstegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við 2,0% verðtryggða ávöxtunarkröfu.

c) *Kaupréttarsamningar*

Gangvirði kaupréttarsamninga við starfsmenn er metið á samningsdegi og verður gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda á því tímabili sem starfsmennirnir ávinna sér kauprétti. Mótfærsla verður á sérstakan lið meðal eigin fjár. Árleg gjaldfærsla er leiðrétt með tilliti til fjölda áunninna kaupréttanna. Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes aðferðinni. Við matið eru notaðar forsendur um gengi hlutabréfa á matsdegi, gengi í kaupréttarsamningum, vænt flökt á gengi hlutabréfa, gildistíma samninganna, væntar arðgreiðslur og áhættulaus vextir (byggt á ríkisverðbréfum).

## 31. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

## 32. Eigið fé

a) *Eigin bréf*

Hlutfé sem keypt er af hluthafa (eigin bréf), að meðtöldum viðskiptakostnaði, er fært til lækkunar á eigin fé. Hagnaður eða tap sem verður vegna sölu, kaupa, útgáfu og niðurfærslu eigin bréfa er ekki fært í rekstrarreikning heldur yfir eigið fé.

b) *Óráðstafað eigið fé*

Á óráðstafað eigið fé er færður hagnaður ársins, en arðgreiðslur ársins eru færðar til lækkunar óráðstöfuðu eigin fé.

c) *Arðgreiðslur*

Arðgreiðslur af stofnfé/hlutfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi. Breyta í hlutfé á næsta ári.

## 33. Hagnaður á hlut

SPRON reiknar út hagnað og þynntan hagnað á hlut fyrir hlutabréf sín. Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hagnaði ársins sem úthlutað er til hluthafa félagsins með vegnu meðaltali fjölda útistandandi hluta yfir árið. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að aðlaga hagnað eða tap ársins sem úthlutað er til hluthafa félagsins og meðaltal útistandandi hluta yfir árið að öllum þeim áhrifum sem verða vegna þynningar. Þynning verður til vegna útgáfu kaupréttanna til starfsmanna.

## 34. Reikningsskilastaðlar sem ekki hafa verið innleiddir

Eftirfarandi eru nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á gerð þessa samstæðureiknings.

*IFRS 8 Starfsþættir:* Gerð er krafa um að upplýsingar séu settar fram með sambærilegum hætti og þær berast lykilstjórnendum samstæðunnar. Í ársreikningi eru veittar upplýsingar um rekstrarstafsþætti, samanber skýringu 37. IFRS 8 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009.

*IAS 1 Framsetning reikningsskila (endurbætt 2007) kemur í stað IAS 1 Framsetning reikningsskila (endurbætt 2003) með breytingum frá 2005. IAS 1 (endurbætt 2007):* setur fram almennar kröfur og leiðbeiningar um framsetningu og uppbyggingu reikningsskila og lágmarkskröfur um innihald þeirra. Megin breyting endurbættis IAS 1 er krafan um að veita upplýsingar um allar breytingar á eigið fé sem ekki tengjast hluthöfum (breytingar á eigið fé sem stafa ekki af viðskiptum við hluthafa í stöðu þeirra sem hluthafar í einu eða tveimur yfirlitum: hvort sem er í einu yfirliti

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

yfir heildarafkomu eða í rekstrarreikningi sem og yfirliti yfir heildarafkomu. Ólíkt nügildandi IAS 1 verður óheimilt að birta eingöngu hluta heildarafkomu í eiginfjárfirliti. Verði endurbættur IAS 1 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun væntanlega hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar og eiginfjárfirlit.

*Í endurbættum IAS 23: Lántökukostnaður er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að félög eignfæri lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Verði endurbættur IAS 23 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og fela í sér breytingar á reikningssskilaaðferðum hennar. Verður staðlinum beitt við eignfærslu lántökukostnaðar sem stofnað er til eftir gildistöku breytingarinnar.*

*Í endurbættum IFRS 2 Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnslutími og ógilding (janúar 2008) er skilgreind hugtökin ávinnslutími og reikningshaldsleg meðferð þess þegar samningar um eignarhlutatengdar greiðslur eru ógiltir. Verði endurbættur IFRS 2 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er gert ráð fyrir að endurbættur IFRS 2 muni hafa áhrif á samstæðureikninginn.*

*IFRS 3 Sameiningar fyrirtækja (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar í IAS 27: Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil felur í sér breytingar á reikningsskilum við sameiningu fyrirtækja og fyrir hluthafa sem fara ekki með yfirráð eða eru minnihlutaeigendur. Helstu breytingar frá IFRS 3 (2004) og IAS 27 (2003) eru eftirfarandi:*

- IFRS 3 (2008) gildir einnig um sameiningar fyrirtækja þar sem hlut eiga að máli einungis gagnkvæmar einingar og þar sameiningu fyrirtækja er náð fram með samkomulagi þar um;
- Skilgreiningin á sameiningum fyrirtækja hefur verið breytt þannig að aukin áhersla er á að yfirráð séu til staðar;
- Skilgreiningin á rekstri hefur verið breytt;
- Kostnaður sem fellur til hjá yfirtökufélagi við sameiningu telst ekki vera hluti af kostnaði við kaupin;
- Fara skal með kaup á viðbótarhlut eftir að sameining hefur átt sér stað í samræmi við hlutdeildaraðferð;
- Fara skal með sölu á hlut þegar yfirráð eru ennþá fyrir hendi í samræmi við hlutdeildaraðferðina;

Ef IFRS 3 (endurbætt 2008) og tilheyrandi breytingar á IAS 27 verða staðfestar af Evrópusambandinu munu þær gilda um ársreikning samstæðunnar 2010. Bókfært verð eigna og skulda sem urðu til við sameiningar fyrirtækja fyrir innleiðingu IFRS 3 (endurbætt 2008) verða ekki endurgerðar en breytingar á IAS 27 gilda flestar afturvirkar. Áhrif á ársreikning samstæðunnar hafa ekki verið metin.

*IFRIC 11 IFRS 2 – Samtæða og viðskipti með eigin hlutabréf segir til um hvernig skuli færa tiltekna tegundir af samningum um hlutabréfatengdar greiðslur í reikningsskilum félags og dótturfélaga þess. IFRIC 11 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. mars 2007 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.*

*IFRIC 12 – Þjónustusamningar einkafyrirtækja við hið opinbera gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.*

*IFRIC 11 IFRS 2 – Viðskipti með eigin hluti í samstæðu krefst þess að eignarhlutatengdar greiðslur þar sem félag fær vörur eða þjónustu sem greiðslu fyrir eigin eiginfjárgerninga skuli færa sem eignarhlutatengda greiðslu, sem gerð er upp með eigin hlutum, óháð því hvernig eiginfjárgerninganna er aflað. IFRIC 11 gildir fyrir ársreikning samstæðunnar 2008, og krefst afturvirkra leiðréttinga. Ekki er gert ráð fyrir að túlkunin muni hafa áhrif á samstæðureikninginn.*

*IFRIC 12 Samningar um þjónustuúvilnun birtir leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. Verði IFRIC 12 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2008 og mun ekki hafa áhrif á samstæðureikninginn.*

*IFRIC 13 Tryggðarkerfi fjallar um reikningsskil félaga sem reka, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta endurheimt inneign sína með afsláttum af vörum og þjónustu eða ókeypis vörum og þjónustu. Verði IFRIC 13 samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun væntanlega ekki hafa áhrif á samstæðureikninginn.*

*IFRIC 14 IAS 19 - Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra skýrir hvenær endurgreiðslur eða lækkun framtíðariðgjalda í tengslum við réttindatengdar eignir skuli telja mögulegar og leiðbeinir um áhrif ákvæða um lágmarks fjármögnun slíkra eigna. Túlkunin fjallar einnig um það þegar ákvæði um lágmarks fjármögnun geta leitt til skuldar. Verði IFRIC 14 staðfestur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar 2008 og krefjast afturvirkra leiðréttinga. Áhrif á ársreikning samstæðunnar hafa ekki verið metin.*

### 35. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Stjórnendur samstæðunnar taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem geta haft áhrif á liði í efnahagsreikningi samstæðunnar á næsta rekstrarári. Stjórnendur endurmeta reglulega ákvarðanir og mót byggð á reynslu fyrri ára og öðrum viðeigandi þáttum, svo sem væntingum um framtíðaratburði þegar ákvarðanir um forsendur og mót eru teknar.

#### a) *Virðisrýrnun útlána*

Samstæðan endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf samstæðan að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánnum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

#### b) *Gangvirði afleiðusamninga*

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

### 36. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem annað hvort selur vörur eða veitir þjónustu (rekstrarstarfspáttur) eða selur vörur eða veitir þjónustu innan tiltekins landsvæðis (landsvæðisstarfspáttur), sem er háður áhættu og ávinningi sem eru frábrugðnir áhættu og ávinningi annarra starfspátta.

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

## Starfsþáttayfirlit

37. Félagið skiptir meginstarfsemi sinni í tvo starfspætti. Hefðbundin bankastarfsemi felst í almennri þjónustu við viðskiptavinum, svo sem að veita útlán og taka við innlánnum, auk fjármálaráðgjafar til einstaklinga og fyrirtækja. Fjárfestingar og fjárstyring felst aðallega í fjárfestingum í verðbréfum og fjárstyringu samstæðunnar.

Starfsþáttayfirlit greinist þannig (fjárhæðir eru í millj. kr.):

	Banka- starfsemi	Fjár- festingar	Milli- færslur	Samtals
<b>2007</b>				
Hreinar vaxtatekjur .....	3.489	(843)		2.646
Hreinar þjónustutekjur .....	751	780		1.531
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	325	2.647	(1.629)	1.343
Aðrar rekstrartekjur .....	304	3.455	(63)	3.696
Hreinar rekstrartekjur .....	4.869	6.039	(1.692)	9.216
Rekstrargjöld .....	(3.312)	(2.161)	54	(5.419)
Virðisýrnnun útlána .....	(415)	(83)		(498)
Hagnaður fyrir skatta .....	1.142	3.795	(1.638)	3.299
Hreinar rekstrartekjur frá þriðja aðila .....	9.098	1.379	(1.261)	9.216
Hreinar rekstrartekjur innan samstæðu .....	(4.229)	4.660	(431)	0
Hreinar rekstrartekjur .....	4.869	6.039	(1.692)	9.216
Heildareignir .....	147.001	160.599	(83.404)	224.196
Skuldir .....	136.376	143.492	(83.433)	196.435
Úthlutað eigið fé .....	10.625	17.107	29	27.761
Skuldir og eigið fé samtals .....	147.001	160.599	(83.404)	224.196
<b>2006</b>				
Hreinar vaxtatekjur .....	3.338	(923)		2.415
Hreinar þjónustutekjur .....	979	(3)	(0)	976
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	113	11.419	(11)	11.522
Aðrar rekstrartekjur .....	256	87	(58)	285
Hreinar rekstrartekjur .....	4.686	10.579	(68)	15.197
Rekstrargjöld .....	(3.039)	(1.028)	58	(4.010)
Virðisýrnnun útlána .....	(302)	(6)		(308)
Hagnaður fyrir skatta .....	1.345	9.545	(11)	10.879
Hreinar rekstrartekjur frá þriðja aðila .....	8.111	6.990	96	15.197
Hreinar rekstrartekjur innan samstæðu .....	(3.425)	3.589	(164)	0
Hreinar rekstrartekjur .....	4.686	10.579	(68)	15.197
Heildareignir .....	129.656	60.038	(5.193)	184.501
Skuldir .....	119.225	35.723	(5.222)	149.726
Úthlutað eigið fé .....	10.431	24.315	29	34.775
Skuldir og eigið fé samtals .....	129.656	60.038	(5.193)	184.501

## Skýringar við rekstrarreikning

### Hreinar vaxtatekjur

38. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	Vaxta- tekjur	Vaxta- gjöld	Hreinar vaxtatekjur
<b>2007</b>			
Kröfur á og skuldir við Seðlabanka og fjármálafyrirtæki .....	1.582.324	(4.069.243)	(2.486.919)
Útlán og innlán .....	14.677.672	(6.918.004)	7.759.668
Lántökur .....	0	(4.572.596)	(4.572.596)
Víkjandi lán .....	0	(614.381)	(614.381)
Veltufjáreignir og veltufjárskuldir .....	4.671.562	(2.053.909)	2.617.653
Annað .....	0	(57.908)	(57.908)
<b>Vaxtatekjur og vaxtagjöld .....</b>	<b>20.931.558</b>	<b>(18.286.041)</b>	<b>2.645.517</b>
Vaxtat. og vaxtagj. af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði .....	4.414.781	(2.053.909)	2.360.872
Vaxtatekjur og vaxtagjöld af fjáreignum og fjárskuldum sem eru ekki færð á gangvirði í gegnum rekstur .....	16.516.777	(16.232.132)	284.645
	20.931.558	(18.286.041)	2.645.517
<b>2006</b>			
Kröfur á og skuldir við Seðlabanka og fjármálafyrirtæki .....	539.730	(1.220.176)	(680.446)
Útlán og innlán .....	12.943.281	(5.353.316)	7.589.965
Lántökur .....	0	(4.727.891)	(4.727.891)
Víkjandi lán .....	0	(518.873)	(518.873)
Veltufjáreignir og veltufjárskuldir .....	1.054.288	(251.632)	802.656
Annað .....	0	(50.880)	(50.880)
<b>Vaxtatekjur og vaxtagjöld .....</b>	<b>14.537.299</b>	<b>(12.122.768)</b>	<b>2.414.531</b>
Vaxtat. og vaxtag. af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði .....	1.054.288	(251.632)	802.656
Vaxtatekjur og vaxtagjöld af fjáreignum og fjárskuldum sem eru ekki færð á gangvirði í gegnum rekstur .....	13.483.011	(11.871.136)	1.611.875
	14.537.299	(12.122.768)	2.414.531

### Hreinar þjónustutekjur

39. Þjónustutekjur og þjónustugjöld greinast þannig:

	2007	2006
Þóknun af verðbréfavíðskiptum .....	316.106	340.250
Þóknun af eignastýringu .....	9.736	6.377
Þóknun af lánveitingum .....	658.373	400.532
Aðrar þjónustutekjur .....	952.208	559.548
<b>Þjónustutekjur samtals .....</b>	<b>1.936.423</b>	<b>1.306.707</b>
Þóknunarkostnaður af verðbréfavíðskiptum .....	188.387	40.600
Önnur þjónustugjöld .....	216.972	290.795
<b>Þjónustugjöld samtals .....</b>	<b>405.359</b>	<b>331.395</b>
<b>Hreinar þjónustutekjur .....</b>	<b>1.531.064</b>	<b>975.312</b>

Þóknun af eignastýringu eru þær þóknunir sem SPRON fær frá þeim viðskiptavinum sem eru með eignir í stýringu.

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

## Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

	2007	2006
40. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig:		
Arðstekjur .....	861.531	496.769
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .....	127.575	1.295.015
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	3.505.019	8.201.465
Hreinn gjaldeyrismunur .....	108.486	122.110
<b>Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum</b> .....	<b>4.602.611</b>	<b>10.115.359</b>
41. Arðstekjur greinast þannig:		
Arðstekjur af veltufjáreignum .....	99.824	85.516
Arðstekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	761.707	411.253
<b>Arðstekjur</b> .....	<b>861.531</b>	<b>496.769</b>
42. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig:		
Hlutabréf og tengdar afleiður .....	(263.967)	687.454
Skuldabréf .....	194.702	140.524
Afleiðusamningar .....	196.840	467.037
<b>Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum</b> .....	<b>127.575</b>	<b>1.295.015</b>
43. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði eru allar af hlutabréfum:		
Gengishagnaður hlutabréfa .....	3.505.019	8.201.465
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		
44. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:		
Hagnaður af sölu eigna .....	3.367.843	168.090
Ýmsar rekstrartekjur .....	327.512	116.315
<b>Aðrar rekstrartekjur</b> .....	<b>3.695.355</b>	<b>284.405</b>
<b>Starfsmannamál</b>		
45. Heildarfjöldi starfsmanna greinist þannig:		
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	289	251
Fjöldi stöðugilda miðað við heildagsstörf í árslok .....	286	245
46. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	2.034.694	1.567.331
Lífeyrisiðgjöld:		
Réttindatengd .....	22.824	36.901
Iðgjaldatengd .....	227.941	208.753
Önnur launatengd gjöld .....	113.028	113.113
<b>Laun og launatengd gjöld</b> .....	<b>2.398.487</b>	<b>1.926.098</b>

## Laun stjórnenda

47. Laun stjórnenda, kaupréttir og eignarhlutir í árslok greinast þannig:

	Laun	Kaupréttir	Hlutfé
<i>Forstjóri</i>			
Guðmundur Hauksson .....	61.334	12.177	56.596
<i>Stjórn:</i>			
Hildur Petersen stjórnarformaður .....	7.520		8.864
Erlendur Hjaltason .....	2.260		2.972
Ari Bergmann Einarsson .....	2.260		1.040
Gunnar Þór Gíslason .....	2.260		0
Ásgeir Baldurs .....	2.260		214
<i>Framkvæmdastjórar:</i>			
Kristinn Bjarnason, framkv.stj. Frjálsa Fjárfestingabankans hf. ....	40.406	6.177	0
Ólafur Haraldsson .....	28.467	7.677	37.851
Aðrir framkvæmdastjórar (4) .....	88.384	24.708	142.181

## Þóknun til endurskoðenda

48. Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2007	2006
Endurskoðun ársreiknings .....	16.036	13.162
Könnun árshlutareiknings .....	15.384	8.280
Önnur þjónusta .....	13.831	9.575
<b>Þóknun til endurskoðenda</b> .....	<b>45.251</b>	<b>31.017</b>

## Tekjuskattur

49. Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu .....	52.181	120.175
(Lækkun) hækkun tekjuskattsskuldbindingar .....	(40.057)	1.748.328
<b>Gjaldfærður tekjuskattur</b> .....	<b>12.124</b>	<b>1.868.503</b>

Virkt skatthlutfall:		2007	2006
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		3.298.772	10.878.785
18% tekjuskattur af hagnaði ársins .....	18,0%	593.779	1.958.181
Tekjur undanþegnar sköttum .....	(1,1%)	(37.666)	(89.418)
Frestun söluhagn. á móti fjárfestingu í dótturfél.....	(16,6%)	(548.144)	0
Aðrar breytingar .....	0,1%	4.155	(260)
<b>Virkur tekjuskattur</b> .....	<b>0,4%</b>	<b>12.124</b>	<b>1.868.503</b>

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

## Hagnaður á hlut

50. Hagnaður á hlut greinist þannig:	<b>2007</b>
Hagnaður tímabilsins tilheyrandi hluthöfum .....	3.281.227
<i>Vegið meðaltal fjölda hluta:</i>	
Vegið meðaltal útistandandi hluta á tímabilinu .....	4.989.120
Áhrif kaupréttá .....	2.138
Vegið meðaltal hluta á tímabilinu, þynnt .....	4.991.258
Grunnhagnaður á hlut .....	0,6577
Þynntur hagnaður á hlut .....	0,6574
Fjöldi útistandandi hluta í lok tímabilsins .....	4.877.279
Fjöldi útistandandi hluta í lok tímabilsins, þynntur .....	5.072.399
Meðalfjöldi eigin hluta .....	14.880
Fjöldi eigin hluta í lok tímabilsins .....	126.721

Við útreikning á hagnaði á hlut er miðað við að útistandandi hlutafé frá 1. janúar til 31. mars 2007 hafi numið 5.000 millj. kr.

## Skýringar við efnahagsreikning

### Fjáreignir og fjárskuldir

51. Flokkun fjáreigna og fjárskulda á gangvirði.

Taflan hér að neðan sýnir flokkun bankans á fjáreignum og fjárskuldum og gangvirði þeirra (áfallnir vextir undanskildir).

31. desember 2007	Skýr.	Miðlun	Tilgreint á gangvirði	Afskrifað kostn.verð	Bókfært verð	Gangvirði
Sjóður og innstæður .....	52			10.332.327	10.332.327	10.332.327
Útlán og kröfur .....	53-57			165.357.339	165.357.339	162.949.438
Veltufjáreignir .....	62-64	27.507.593			27.507.593	27.507.593
Fjáreignir tilgreindar						
á gangvirði .....	65		12.666.423		12.666.423	12.666.423
Aðrar fjáreignir .....			70	663.145	663.145	663.145
		27.507.593	12.666.423	176.352.811	216.526.827	214.118.926
Innlán frá fjárm.fyrirt. ....	71			8.513.472	8.513.472	8.513.472
Almenn innlán .....	72			85.410.286	85.410.286	85.410.286
Veltufjárskuldir .....	64-73	724.862			724.862	724.862
Lántökur .....	74-75			89.096.537	89.096.537	84.290.474
Víkjandi lán .....	76			5.432.501	5.432.501	4.662.891
Aðrar fjárskuldir .....	81			734.557	734.557	734.557
		724.862	0	189.187.353	189.912.215	184.336.542



31. desember 2006	Skýr.	Miðlun	Tilgreint á gangvirði	Afskrifað kostn.verð	Bókfært verð	Gangvirði
Sjóður og innstæður .....	52			2.431.770	2.431.770	2.431.770
Útlán og kröfur .....	53-57			135.518.195	135.518.195	133.544.853
Veltufjáreignir .....	62-64	20.313.023			20.313.026	20.313.026
Fjáreignir tilgreindar						
á gangvirði .....	65		16.748.891		16.748.891	16.748.891
Aðrar fjáreignir .....	70			917.121	917.121	917.121
		20.313.023	16.748.891	138.867.086	175.929.003	173.955.661
Innlán frá fjárm.fyrirt. ....	71			11.523.899	11.523.899	11.523.899
Almenn innlán .....	72			56.592.406	56.592.406	56.592.406
Veltufjárskuldir .....	64.73	360.850			360.850	360.850
Lántökur .....	74-75			69.642.032	69.642.032	67.689.523
Víkjandi lán .....	76			5.216.371	5.216.371	5.061.390
Aðrar fjárskuldir .....	81			1.000.640	1.000.640	1.000.640
		360.850	0	143.975.348	144.336.198	142.228.708

### Sjóðir og óbundnar innstæður í Seðlabanka

52. Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka greinast þannig:

	2007	2006
Sjóður og óbundnar innstæður .....	10.332.327	2.427.875
Annað ígildi handbærs fjár .....	0	3.895
<b>Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....</b>	<b>10.332.327</b>	<b>2.431.770</b>

### Kröfur á lánastofnanir

53. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt samningsbundnum eftirstöðvartíma:

Bankareikningar .....	2.357.769	1.880.594
Peningamarkaðslán .....	1.153.506	5.277.023
Önnur lán .....	216.562	65.070
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>	<b>3.727.837</b>	<b>7.222.687</b>

54. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:

Gjaldkræfar kröfur .....	2.103.935	1.941.214
Allt að 3 mánuðir .....	982.987	5.182.036
3 mánuðir til 1 ár .....	499.999	95.622
1 til 5 ár .....	140.838	2.543
Yfir 5 ár .....	78	1.272
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>	<b>3.727.837</b>	<b>7.222.687</b>

# SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNINGA

## Útlán til viðskiptamanna

	2007	2006
55. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir tegundum lána:		
Yfirdráttarlán .....	10.780.027	9.332.555
Víxlar .....	104.298	97.746
Skuldabréf .....	145.370.779	110.567.933
Önnur lán .....	6.804.675	9.408.576
Afskriftareikningur útlána .....	(1.430.277)	(1.111.302)
<b>Útlán til viðskiptamanna .....</b>	<b>161.629.502</b>	<b>128.295.508</b>

## 56. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir lántakendum:

Ríkissjóður .....	0,3%	0,3%
<i>Atvinnugreinar:</i>		
Sjávarútvegur og landbúnaður .....	0,2%	1,0%
Iðnaður .....	9,0%	11,9%
Verslun .....	2,9%	3,3%
Þjónusta .....	26,9%	23,0%
Einstaklingar .....	60,6%	60,5%
